



Pegar neistinn varð að báli

Bls. 8

Mikill áhugi

Bls. 20

Pú sparar 20.000 kr.

Bls. 35

Hvað vilja félagsmenn?

Bls. 12

Eftirlitsmyndavélar

Bls. 34

Trúnaðarmenn

Bls. 38

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamenn

Sigrún Hafstein
Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sigríður Ólafsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elín Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjólfsson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Forsíðumyndina tók

Þorfinnur Sigurgeirsson

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-
ing viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511

Orð eru til alls fyrst – Nú biðum við aðgerða

Félagar innan Eflingar- stéttarfélags sem vinna hjá ríki og sveitar-
félögum hafa búið við lakari réttindi um áratugaskeið en þeir starfsmenn
sem tilheyra stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Þessi réttindamunur
felst einna helst í veikindarétti, slysarétti, tryggingum, og lífeyrisréttin-
dum. Brýnt er að leiðrétta þennan mun sem fyrst.

Pegar þessi réttindamunur er skoðaður er rétt að hafa í huga að sett
voru lög 1996 þar sem allir starfsmenn ríkisins voru gerðir að opinberum
starfsmönnum með þeim skyldum sem því fylgir. En því miður gleymdist
að leiðrétta um leið þann réttindamun sem verið hefur til staðar.

Nú spyrjum við hvort það geti verið verjandi að einstaklingar sem vinna
hlið við hlið hjá sama atvinnurekanda búi við mismunandi lífeyrisrétt?
Er það sanngjarnt að það geti munað allt að 55% í lífeyrisréttindum milli
ASÍ-fólks og launafólks innan BSRB þegar kemur að töku lífeyris?

Allt þetta fólk greiðir skatta til sömu aðila. Það er eðlileg krafa þessa
fólks að skattar þess séu notaðir til þess að halda uppi sambærilegum
réttindum hjá því og hjá öðrum hópum sem starfa hjá ríki og sveitar-
félögum.

Við ætlum ekki að taka þátt í þeirri umræðu sem farið hefur á stað að
með þessum leiðréttingum sé verið að ganga á réttindi opinberra starfs-
manna. Sú umræða á ekki við rök að styðjast. Við lítum svo á að sú skylda
hvíli á herðum stjórnvalda og sveitarstjórnarmanna að þeir fylgi sömu
starfsmannastefnu gagnvart öllu sínu starfsfólki þar sem allir standi jafn-
réttir gangvart grundvallarréttindum.

Ákveðinn áfangi náðist í þessum réttindamálum við gerð síðustu
samninga við Reykjavíkurborg s.s. jafnaður veikindaréttur ásamt því að
sett voru niður ákvæði um frekari lagfæringar.

Það er einnig viss áfangi þegar fjármálaráðuneytið er tilbúið að koma
að málinu. Þann 13. desember s.l. var gengið frá samkomulagi aðila
vinnumarkaðarins og er hluti af því samkomulagi yfirlýsing frá fjár-
málaráðherra um að vinna að frambúðarlausn varðandi þann réttin-
damismun sem verið hefur á kjarasamningum opinberra starfsmanna sem
eru innan BSRB og hins vegar innan ASÍ.

Um það samkomulag má segja „orð eru til alls fyrst“. Nú biðum við
aðgerða.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar

EFNISYFIRLIT

Vinnustaðafundir	4	Efling menntunar	30
Þegar neistinn varð að báli	8	Langtíma atvinnulausir	32
80% félagsmanna með tölvur	12	Eftirlitsmyndavélar	34
Nýtt tækifæri	16	Þú sparar 20.000	35
Mikill áhugi	20	Trúnaðarmenn	38
Lært uppskriftir	24	Fritökuréttur	39
Mjög erfið störf	26	Krossgátan	44

Vinnustaðafundir Eflingar

Vel sóttir fundir og góðar umræður

-segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar



Sigurður Bessason

Stjórn Eflingar ákvað fyrir áramótin að farið yrði á vinnustaðafundi sem yrðu ekki með hefðbundnu sniði, það er að ekki þyrftu að vera fyrir hendi brýn vandamál á staðnum. Heldur yrðu fundirnir notaðir til þess að kynna hvað væri helst á döfinni innan félagsins ásamt því að kynna ýmsa starfsemi félagsins. Í stuttu máli má segja að þessir fundir hafi tekist afar vel og félagsmenn í mörgum tilvikum notað tækifærið til umræðna um það sem brennur á þeim í samninga- og kjaramálum. Þessir fundir hafa skilað okkur góðum árangri, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.

Á fundunum hefur verið fjallað um samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá því 13. desember og þá vinnu sem fór í gang í framhaldinu við að fá samfélagið í heild til þess að finna til ábyrgðar á stöðu verðbólgu, vaxta og gengismála. Þarna er rætt um hvernig allir þessir þættir hafa áhrif á daglega líf okkar og hversu brýnt það sé að koma þessum þáttum í rétt lag. Fram hefur komið ákveðinn ótti að ef þessi verðbólguþema náist ekki í maí þá séu hættu á að fyrirtækin skelli á hækkunum í framhaldinu. Við höfum lagt áherslu á að þá sé það slagur sem öll hreyfingin verði að taka, segir Sigurður.

Staða atvinnamála hefur verið rædd á fund-

unum þar sem tala atvinnlausra hefur farið fjölgandi og er komin í nálægt 2500 manns í Reykjavík sem veldur miklum áhyggjum sérstaklega þar sem fyrirtækin eru að segja upp starfsfólki á sama tíma og þau eru að leita eftir erlendu vinnuafli. Töluvert hefur einnig verið um uppsagnir á yfirborgunum, ásamt hlunnindum sem hafa verið umsamin inn á vinnustöðum. Við höfum varað fyrirtækin við að beita þessum aðferðum þar sem þær skapa oft mun meiri úlfúð á vinnustað en þeim sparnaði sem fyrirtækin telja sig vera að sækja. Afleiðingin er svo lakari vinnumóráll og afköst.

Sérstök kynning hefur verið á starfsmenntamálum á þessum fundum og hefur það mælt vel fyrir enda mikil eftirspurn eftir starfsmenntun innan félagsins.

Fjallað hefur verið um viðhorfsskönnun meðal félagsmana, orlofs og sjúkrasjóðir hefur verið kynntir ásamt fjölmörgum öðrum þáttum. Nú þegar hafa verið heimsóttir á annan tug vinnustaða og á fjórða hundrað manns hefur verið á þessum fundum með okkur. Fjölmargar spurningar hafa komið upp og er greinilega þörf fyrir þetta fundafyrirkomulag innan félagsins. Á fjölda vinnustaða höfum við haldið fundina á tveimur tungumálum þar sem jafnvel hefur verið þýtt af ensku yfir á þriðja tungumálið. Þá höfum við kallað til sérstaka túlka hafi þess verið þörf.

Þessi fundaröð mun standa fram á vorið og ef að vinnustaðir hafa óskir um að við mætum þá er bara að hafa samband og við mætum á staðinn, sagði Sigurður Bessason að lokum.



Ferskar Kjötvörur

Formaðurinn greinilega að vinna vel

-segir Ásdís Hanna Pálsdóttir

Ásdís Hanna Pálsdóttir hefur unnið við þökkun í framleiðsludeild fyrirtækisins frá áramótum en þá lauk hún stúdentsrófi frá Fjölbautarskólanum í Ármúla. Hún sagði að fundurinn hefði tekist vel og að hún vissi meira um

Þessi fundaröð mun standa fram á vorið og ef að vinnustaðir hafa óskir um að við mætum þá er bara að hafa samband





Ásdís Hanna Pálsdóttir

félagið og réttindi sín en áður. Formaðurinn er greinilega að vinna vel og var með góða fram-sögu um stöðu launamála, verðbólgu og fleira. Síðan var fjallað um fræðslumál og ýmis önnur réttindamál eins og lífeyrisréttindi og greiðslur úr sjúkrasjóði. Það sem kom mér mest á óvart er hvað félagið stendur vel að fræðslumálum m.a. með styrkjum til þeirra sem fara í nám, sagði Ásdís að lokum.



Helgi Sigurðsson

Helgi Sigurðsson

Lofsvert framtak

Helgi Sigurðsson vinnur í framleiðsludeild og sagði að sér fyndist framtak forystumanna Eflingar að standa fyrir vinnustaðafundum lofsvert og að það hlyti að vera sterkt fyrir félagið að halda slíka fundi. Það kom kannski ekkert fram sem ég vissi ekki fyrir en það er alltaf gott að skerpa á hlutunum og láta vita að menn séu vakandi fyrir hagsmunum félagsmanna. Mér fannst gaman að heyra að félagið styrkir nám í öldundardeild og til meiraprófs í akstri. Svo kemur það sér vel fyrir mig að félagið greiðir niður sundkort þar sem ég fer mikið í sund vegna veikinda, sagði Helgi að lokum.

Smelltu á www.efling.is



Aneta Olszowiec

Aneta Olszowiec á Hótel Loftleiðum

Vitum hvar við eigum að leita upplýsinga

Aneta Olszowiec sem er frá Póllandi og hefur starfað sem þerna á Hótel Loftleiðum síðastliðin tvö ár sagði að það hefði marga áhuga-vert komið fram á fundinum og að nú vissu hún og vinnkonur hennar sem eru líka pólskar hver þær ættu að snúa sér ef þær lentu í vandræðum með málefni sem snertu vinnuna.

Mér finnst mjög vel staðið að því á fundinum að koma upplýsingum til okkar sem tölum ekki íslensku bæði í rituðu máli á fleiru en einu tungumáli og líka með túlki sem þýddi allt sem sagt var yfir á ensku þannig að flestir skyldu hvað fór fram á fundinum.

Í umfjöllun um fræðslumál kom m.a. fram að Efling styður mjög myndarlega við bakið á þeim sem hafa hug á að sækja námskeið þannig að ég ætla að láta verða að því að læra íslensku. Einnig gæti verið áhugavert að fara í ferðir um Ísland sem Efling stendur fyrir og skoða áhugaverða staði en yfirleitt höfum við vinkonurnar farið til Póllands í sumarfrí, sagði Aneta að lokum.

Á fjölda vinnustaða höfum við haldið fundina á tveimur tungumálum þar sem jafnvel hefur verið þýtt af ensku yfir á þriðja tungumálið



Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
Sími 568 6099 - Fax 568 6299

Óskar Björgvinsson

Rífur kannski upp stemmninguna



Óskar Björgvinsson

Óskar Björgvinsson sem var kosinn trúnaðarmaður fyrir Eflingarfélagi á fundinum sagði að mæting hefði mátt vera betri en það rífur kannski upp stemmninguna þegar forysta félagsins mætir. Annars kom ekkert nýtt fram á fundinum. Maður er búinn að lesa um þetta allt í fréttablaðinu sem er mjög gott blað.

Aðalbjörn Scheving

Vinnustaðafundir betri en félagsfundir



Aðalbjörn Scheving

Aðalbjörn Scheving vinnur í Jarðlagnadeild. Hann sagði að fundurinn hefði verið ágætur. Ég held að svona vinnustaðafundir virki miklu betur en félagsfundir vegna þess að forystan kemst í meira samband við félagsmenn. Ég er nýfluttur til Reykjavíkur utan af landi og þar var ég vanur að sækja fundi í verkalyðsfélaginu og fylgjast vel með málefnum líðandi stundar þannig að það var ekkert sem kom mér á óvart í máli manna hér.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

•

**Hafðu samband við
skrifstofu Eflingar
sími 510 7500**

Sókn opnaði leið í Háskólann

Pegar neistinn varð að báli



Laila Margrét Arnþórsdóttir ásamt þremur heyrnarlausum konum að vinna á leikskólanum Sólhlíð og kennir börnunum talmál. Þær eru stíjandi f.v. Lára Vigfúsdóttir, Kristín Friðriksdóttir og María J. Jóhannsdóttir. Börnin eru á Rauðudeild leikskólans.

Laila Margrét er fyrrverandi Sóknarkona sem fór í Háskóla Íslands og lærði táknmálfræði og vinnur nú sem ráðgjafi hjá Félagi Heyrnarlausra.

Mörg dæmi eru um að námskeið sem fólk sækir á vegum stéttarfélaganna verði kveikjan að frekara námi. Lifandi kennari eða námsefni sem höfðar til fólks kveikir kannski logann sem

breytir lífi fólks. Á skrifstofu Eflingar þekkja reyndir starfsmenn dæmi um fólk sem fór á starfstengt námskeið í upphafi sem varð fyrsti áfanginn að löngu námi. Hér er sagt frá skemmtilegu dæmi um fyrrverandi Sóknarkonu. Hún sótti námskeið á vegum félagsins sem opnaði henni að lokum leið til Háskólanáms og gjörbreytti starfsvettvangi hennar. Laila Margrét Arnþórsdóttir sem nú starfar sem ráðgjafi hjá Félagi Heyrnarlausra segir hér frá því hvernig það atvikaðist.

Ég var að vinna á leikskóla fyrir nokkrum árum og sótti þá námskeið hjá Starfsmannafélaginu Sókn sem tengdust starfinu. Þar var kennari sem heitir Jórunn Sörensen og kenndi okkur félagsfræði sem kveikti alvarlega í mér áhuga á að læra eitthvað meira.

Ég var ekki með stúdentspróf sem er náttúrulega lykillinn að öllu námi þannig að ég hélt áfram að sækja námskeið. Ég var mjög leitandi að einhverju námi sem höfðaði til mín og endaði að lokum hjá samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra að læra táknmál og fór í gegnum ellefu námskeið með góðum stuðningi frá mínu stéttarfélagi.

Pegar þessum áföngum var lokið langaði mig enn til að læra meira þannig að neistinn sem



Laila Margrét Arnþórsdóttir

- rætt við Lailu Margréti Arnþórsdóttur, ráðgjafa hjá Félagi heyrnarlausra



kveiknaði á fyrsta námskeiðinu var orðinn að stóru báli. Þá er ég svo heppin eftir að hafa sýnt áhuga á að halda áfram námi í táknmáli að Júlía Hreinsdóttir kennari minn, Svandís Svavarsdóttir kennslustjóri og Valgerður Stef-

ánsdóttir formaður Samskiptamiðstöðvarinnar buðu mér að koma í táknmálsfræðinám í Háskóla Íslands þar sem þær voru kennarar. Enn og aftur urðu konur þannig örlagavaldar í lífi mínu því ég þáði boðið og lauk náminu á tveimur árum. Mér fannst námstíminn vera eins og ævintýri frá fyrsta degi og ég fann fyrir söknuði þegar honum lauk. Reyndar var boðið upp á eitt ár í viðbót að læra táknmálstúlkun en ég ákvað að láta staðar numið.

Á þessum tíma var ég að vinna á sambýli en það togaði alltaf í mig að fara að vinna við táknmálið. Og enn og aftur koma örlagadísirnar að málunum því Hafðís Gísladóttir framkvæmdarstjóri hjá Félagi Heyrnarlausra hringdi í mig og bauð mér starf sem ráðgjafi hjá félaginu. Anna R. Valdimarsdóttir, skólasystir mín úr Háskólanum hafði bent á mig. Ég hugsaði mig um og spurði sjálfa mig hvort maður gæti beðið guð um meira. Þarna bauðst mér starf sem átti hvað best við mig samkvæmt niðurstöðu úr áhugasviðsprófi sem ég tók í Háskólanum. Ég er einmitt í þessu starfi í dag.

Í starfinu felst m.a. að aðstoða heyrnarlausra við að fá störf við sitt hæfi á almennum vinnu- markaði með heyrandi fólki. Það er gaman að segja frá því að síðastliðið haust fórum við af stað með verkefni á leikskólanum Sólhlíf þar sem þrjár heyrnarlausar konur eru starfandi. M.a. er vrið að kenna heyrandi börnum táknmál og það er alveg stórkostlegt að sjá hvað þær hafa náð góðu sambandi við börnin og miklum árangri í kennslunni. Í framhaldi af því var þessum leikskóla veitt verðlaun frá Félagi Heyrnarlausra fyrir að leggja sig fram við að brjóta niður fordóma sem heyrnarlausir búa við í atvinnulífinu. Ég er afskaplega þakklát mínu gamla stéttarfélagi fyrir að hafa veitt mér tækifæri til að komast í starf sem hefur veitt mér mikla hamingju og ég vil hvetja alla sem finna til löngunar til að mennta sig að láta þann neista verða að báli.

Ég er afskaplega þakklát mínu gamla stéttarfélagi fyrir að hafa gefið mér tækifæri til að komast í starf sem hefur veitt mér mikla hamingju



Starfsmaður! Gleymdist að kjósa Öryggistrúnaðarmann á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa *öryggistrúnaðarmaður* og *öryggisvörður*.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa *öryggisnefnd*.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast *atvinnurekandi* eða *verkstjóri* vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og *félagslegan trúnaðarmann*.

Öryggistrúnaðarmaður! Öryggisvörður! Trúnaðarmaður stéttarfélags ! Verkstjóri! Stjórnandi !

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil vinnuverndarstörf heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

Leitið upplýsinga um næsta námskeið.



VINNUEFTIRLITID
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is



Landspítali háskólasjúkrahús í vanda

Starfsmenn í eldhúsum fá uppsagnir

Mikil ólga er meðal starfsmanna stóru eldhúsa Landspítala-Háskólasjúkrahúss vegna breytinga sem þar eru framundan.

Allir starfsmenn eldhúsanna hafa fengið bréf vegna væntanlegra skipulagsbreytinga. Haldnir hafa verið fundir með starfsfólkinu og hafa yfirmenn eldhússins farið yfir væntanlegar breytingar með starfsfólkinu.

Mikill fjöldi starfsmanna eru erlendir og hafa þeir átt erfitt með að skilja hvað var í vændum. Um mánaðarmótin mars-apríl þarf fólk að svara því hvort það er tilbúið til að vinna eftir nýju skipulagi. Þessi breyting á við um vinnutíma, vaktafyrirkomulag, matartíma og önnur kjör starfsmanna.

Þó nokkur hópur starfsmanna fékk í sínu bréfi tilboð um að minnka við sig vinnu allt frá 10% upp í 50%. Líta verður svo á að sá sem

fær tilboð um að minnka við sig vinnu sem nemur meira en helmingi vinnutímans sé í reynd að fá uppsögn nema að ósk frá starfsmanni hafi legið fyrir um minna starfshlutfall. Efling-stéttarfélag er nú að skoða þessi mál og fara yfir réttarstöðu starfsmannanna og einnig að halda með þeim fundi þar sem koma túlkar m.a. til að túlka á thaílesku og rússnesku.

Efling-stéttarfélag mun gæta þess að laga-lega sé rétt að þessari skipulagsbreytinu staðið en réttur vinnuveitenda til að endurskipuleggja vinnu er ótvíræður innan þeirra marka sem lög og réttur á vinnumarkaði setja.

Smelltu á www.efling.is

Yfir 80% með tölvur heima

- Fyrstu niðurstöður viðhorfskönnunar komnar



Eins og sagt var frá í síðasta fréttablaði Eflingar hefur félagið - í samvinnu við Hlíf í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur - látið gera viðhorfskönnun meðal félagsmanna þar sem kannað er viðhorf til fjölbreyttrar starfsemi félagsins og hvaða áherslur félagsmenn vilja sjá í starfi félagsins. Þar kemur m.a. fram að fjórir af hverjum fimm félagsmönnum hafa tölvu heima hjá sér. Fyrstu niðurstöður þessarar könnunar eru birtar hér en í næstu blöðum munum við gera betur grein fyrir heildarniðurstöðum. Þá munum við birta niðurstöðurnar í ítarlegu formi á heimasíðu félagsins www.efling.is.

Yfir 80% félagsmanna hafa tölvu á sínu heimili.

Samkvæmt könnuninni eru meira en fjórir af hverjum fimm félagsmönnum með tölvu á sínu heimili, eða 82,1% félagsmanna. Þessi niðurstaða er mikið gleðiefni og gefur okkur fullt tilefni til að halda áfram þeirri mörkuðu stefnu félagsins að nýta allar leiðir til að kynna og bjóða félagsmönnum uppá vandaða og ódýra kennslu á tölvur. Í framtíðinni munu upplýsingar og fræðsla í vaxandi mæli berast félags-


mönnum með aðstoð tölvutækni og með þessa niðurstöðu höldum við ótrauð áfram þeirri vinnu.

Félagsmenn vilja áframhaldandi áherslu á hækkan lægri launa og almenna kjarasamninga frekar en fyrirtækjasamninga.

Í könnuninni var spurt um viðhorf til þeirrar stefnu sem mótuð var í síðustu kjarasamningum þ.e. að leggja sérstaka áherslu á hækkan lægri launa. Af þeim félagsmönnum sem tóku afstöðu eru um 88% mjög eða frekar sammála þessari áherslu.


Þá vilja um 63% félagsmanna frekar leggja áherslu á almenna kjarasamninga fyrir alla félagsmenn en um 37% vilja sjá meiri áherslu á fyrirtækjasamninga.

Stofnun um líf og velferð sjómanna
Sérstak áherslu á hækkan lægri launa
Í stuðun. Ertu sammála
Sammála




N- G V TT ST IN

S It n 3
S m 551 2



Tæplega helmingur félagsmanna telur frítíma sinn of lítinn.

Pegar spurt var um frítíma kemur í ljós að um 46% félagsmanna telur frítíma sinn of lítinn og tæplega helmingur félagsmanna í



Eflingu telur frítíma sinn hæfilegan þ.e. er ánægður með lengd frítíma. Hér má draga þá ályktun að allt að því annar hver Eflingarfélagi telur frítíma ekki viðunandi - enda er launafólk farið að meta í ríkara mæli frítíma sinn til samveru með fjölskyldu og vegna áhugamála. Þetta kemur heim og saman við þau viðhorf sem verið hafa vaxandi meðal launafólks á Norðurlöndum - að líta á tíma sinn til tómstundaiðkana og samveru með fjölskyldu sem mikilvæg lífsgæði.

Tveir af hverjum þrem telja fræðslu og símenntun nauðsynlega vegna starfa sinna.

Um 67% þeirra sem svöruðu könnuninni eru mjög eða frekar sammála því að núverandi starf sitt krefjist þess að viðkomandi sækir sér frekari fræðslu til þess að geta þróast áfram í núverandi starfi. Mikil meirihluti félagsmanna er þannig sammála því að menntun og aukin hæfni séu lykill að starfsþróun og þannig væntanlega betri kjörum. Þessi niðurstaða er enn ein staðfesting þess að Efling og Flóabandalagið gerðu rétt með því að knýja fram starfsmenntasjóði í síðustu kjarasamningum.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru í niðurstöðum þessarar viðhorfsskönnunar, en niðurstöðurnar eru almennt mjög jákvæðar fyrir félagið. Við munum á næstu vikum rýna betur í allar niðurstöður og nýta þær til þess að þjónusta félagsmenn enn betur. Frekari kynning á niðurstöðum mun síðan birtast í blaðinu og á heimasíðu félagsins.

Smelltu á www.efling.is

ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...

Vaka
DEKKJA
ÞJÓNUSTA
ELDSHÖFÐA 6 - SÍMI 567 7850

- Láttu setja sumardekkinn á aukafelgur.
- Það sparar þér umfelgun tvisvar á ári!
- Það fer betur með dekkinn.
- Þu lendir ekki í ortroð dekkjaverkstæðanna.

VERTU HAGSÝNN Í ÁR!
Mikið úrval af góðum notuðum sumardekkjum einnig low profile dekk 16" 17" 18"

Seljum einnig:

- Sólada hjólbarda
- Nýja hjólbarda

Kynntu þér málð og sparaðu útgjöldin. Við gerum þér gott tilboð.

Eigum mikið af notuðum felgum á margar gerðir bifreiða.

Það margborgar sig að eiga dekkinn tilbúin á felgum.



Tvöfalt fleiri konur hætta störfum ótímabært

Athyglisverðar fréttir af vinnumarkaði í Danmörku hafa komið fram í fjölmiðlum undanfarið. Ljóst virðist af nýjum tölum frá Vinnueftirlitinu þar í landi að tvöfalt fleiri konur hverfa af vinnumarkaði ótímabært. Ástæðan er í flestum tilvikum vegna slæms heilsufars. Athygli vekur að konur í ræstingum og þær sem starfa í umönnunarstéttum verða mjög fyrir barðinu á þessari þróun.

Þetta kemur fram í tölum frá Vinnueftirlitinu með samanburði árána 1990-2000. Tölur sýna að á tímabilinu 1995-2000 hurfu 2.8% kvenna af vinnumarkaði og er þar átt við konur á vinnualdri. Ástæður voru annað hvort að konur fóru á eftirlaun fyrr en aldur gerir ráð fyrir eða vegna þess að höfðu verið langtíma-veikar og ekki líkur á að þær kæmu til starfa á ný. Það vekur athygli í þessu efni að sambærilegar tölur fyrir karla fyrir þetta tímabil er um 1.2%.

Þegar skoðað er tímabilið 1990-2000 þá staðfestist þessi þróun svo ekki verður um villst. Af aldursbilinu 18-54 ára hurfu 4.7% kvenna af vinnumarkaði meðan karlar á þessum aldri sem hættu störfum voru mun færri eða um 2.5% af vinnufærum mönnum.

Vinnumarkaðsfræðingar í Danmörku benda á að þessar niðurstöður séu í takt við kynskiptan vinnumarkað í Danmörku. Meðan karlar vinna í umhverfi þar sem þeir búa oft við mikinn hávaða, reykt og óhreinindi, þá eru konurnar oft í störfum þar sem þær eru undir miklu meira andlega álagi.

Konur sem starfa í ræstingum og innan heilbrigðisgeirans eru áberandi fjöldi í þessum hópi. Konur í ræstingum vinna í mjög einhæfum störfum, eru við störf þar sem þær nota sömu hreyfingar og störfin þróast lítið og þær búa við mjög mikið óöryggi. Þetta eru m.a. ástæður þess að þær hverfa í svo miklum mæli af vinnumarkaði.



Skólinn er nýtt tækifæri

-segir Hrafnhildur Tómasdóttir um Grunnmenntaskólann

Hrafnhildur Tómasdóttir

Grunnmenntaskólinn hefur farið vel af stað. Fyrsta skólaárið hófst á síðastliðnu hausti og seinni lota fyrsta skólaársins hófst í janúar sl. Meginmarkmið skólans er að gera fólk hæfara á vinnumarkaði og leggja um leið grunn að frekara námi. Hrafnhildur Tómasdóttir, verkefnisstjóri hjá MFA stóð að undirbúningi og hefur umsjón með skólanum og við ræddum við hana nýlega um þetta spennandi verkefni. Hún var beðin um að leggja mat á fyrstu mánuðina í skólanum og hvernig hún sæi fyrir sér framtíð skólans eftir fyrstu mánuðina.

Námið er 300 kennslustundir og við skipulögðum það í tveimur lotum. Við leituðum til nemenda í lok haustannar og báðum þá um að meta alla námsþætti sem lokið var við í fyrri lotunni. Í heildina finnst mér þau hafa verið mjög ánægð með það sem búið er. Seinni lotan er ný hafin þannig að við fáum ekki heildarmynd af því hvernig til hefur tekist fyrr en henni er lokið. Það sem nemendurnir hafa helst gert athugasemdir við er að þau eru að mæta í skólann að loknum vinnudegi, klukkan 17.00 tvisvar í viku og eru til 21.00 og svo ann-

an hvern laugardag frá níu fyrir hádegi til eitt. Þetta er auðvitað mikil viðbót og þýðir langan vinnudag.

Reyndar finnst mér mætingin hjá þeim vera til fyrirmyndar sem segir mér að þau virðast hafa brennandi áhuga á að nýta sér þetta tækifæri sem er mjög ánægjulegt. Mín skoðun er sú að það sé eftirsóknarvert fyrir atvinnurekendur að starfsfólk þeirra nýti sér slíkt námstilboð og því er það von okkar sem að skólanum stöndum að í framtíðinni verði sú þróun að fólk geti sótt skólann á vinnutíma að hluta eða öllu leyti.

Í skólanum leggjum við mikla áherslu á grundvallarfærni í íslensku, ensku, stærðfræði og tölvum og einnig verkefnavinnu og þjónustu. Sömuleiðis leggjum við áherslu á sjálfsstyrkingu, samskipti og samstarf og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Markmiðið með náminu er að gera fólk hæfara fyrir vinnumarkaðinn og leggja grunn að frekara námi. Í lok skólaársins verðum við með starfsráðgjöf þar sem fólk getur velt fyrir sér hvar áhugasviðið og hæfnin liggur og hvert það vill stefna og endum svo á mati sem byggist á hópmati, sjálfsmati og mati frá kennurum og á því byggjum við frammistöðumat sem nemendur fá við skólaslit.

Við byggjum Grunnmenntaskólann á reynslu okkar af MFA-skólanum en hann höf- um við rekið síðan 1993. MFA-skólinn hefur fengið viðurkenningu sem úrræði fyrir fólk sem ekki hefur lokið langri skólagöngu. Hann hefur skilað góðum árangri og virkað sem hvatning fyrir fólk til að halda áfram í námi. Ég vona svo sannarlega að reynslan af Grunnmennta-

Hverjir standa að Grunnmenntaskólanum?

Menningar og fræðslusambanda alþýðu, Efling- stéttarfélag, Starfsafl og Menntamálaráðuneytið. Menntamálaráðuneytið veitti upphaflega styrk að upphæð 550 þús. krónur úr sjóði sem styður þróunarverkefni í framhaldsskólum og fullorðinsfræðslu. Starfsafl, fræðslusjóður Flóabandalagsfélaganna samþykkti síðan að greiða námsgjald sem er 25 þúsund krónur.

skólanum verði jafn góð og að hann eigi sér framtíð. Fullorðinsfræðsla er mikið í umræðunni í löndunum í kringum okkur og t.d í Norgei er búið að tryggja með lögum að fólk sem ekki nýtti sér tækifærið til náms á skólagöngu aldri fái nýtt tækifæri og í mínum huga er Grunnmenntaskólinn slíkt tækifæri.

Hverjir eiga rétt á setu í skólanum og hvað eru nemendur margir?

Skólinn er eingöngu ætlaður félögum í Eflingu og nemendur eru fjórtán en sextán hófu

námið í byrjun sem er nokkurn veginn sá hópur sem við höfðum hugsað okkur að vera með í upphafi.

Geta nemendur sótt um námsstyrk?

Já, þeir geta fengið styrk en til að fá sem bestar upplýsingar er best að hafa samband við skrifstofu Eflingar í Sætúni, því sjóðirnir sem veita styrkina eru nokkrir eftir því hvort umsækjandinn vinnur hjá ríki, borg eða á almennum vinnumarkaði.

Rætt við nemendur í Grunnmenntaskólanum

Námið skemmtilegt og ég hef lært heilmikið

-segir Arndís Eva Bjarnadóttir

Arndís Eva Bjarnadóttir er leiðbeinandi á leikskólanum Suðurborg í Breiðholti. Hún sagði að ástæðan fyrir því að hún hefði farið í Grunnmenntaskólan væri að styrkja sig í starfi og leita eftir meiri þekkingu. Mér finnst íslenskan skemmtilegust og hún höfðar mest til mín en annars er allt námið skemmtilegt og ég er búin að læra heilmikið. Svo er hópurinn sem ég er í frábær þannig að skólinn hefur staðist mínar væntingar. Það er aldrei að vita nema mig langi til að læra meira í íslensku og ensku hvort sem það verður á námskeiðum eða í skóla, segir hún.



Arndís Eva Bjarnadóttir

Vígfús Már Sigurðarson

Töluvert átak en ég sé ekki eftir því

Vígfús Már Sigurðarson er húsvörður í verslunarmiðstöðinni í Mjódd í Breiðholti. Hann sagðist hafa séð auglýsingu í Fréttablaði Eflingar um Grunnmenntaskólan og sér hefði strax litist mjög vel á hugmyndina því að námsgreinarnar í skólanum væru undirstaða alls náms og hann hefði ákveðið að sækja um. Það er nokkuð langt síðan ég var í skóla þannig að það þurfti töluvert átak til að hafa sig í þetta en ég sé ekki eftir því. Hér hef ég kynnst skemmtilegu fólki og fengið mjög góða kennslu hjá góðum kennurum sem eru mjög opnir og lifandi. Fyrri önninni lauk fyrir jól og mér fannst hún takast vel. Fyrir utan hinar hefbundnu grunngreinar hef ég verið að læra á tölvu sem er nauðsynlegt að kunna á í dag og mér finnst ég hafa fengið meira sjálfsöryggi við



Vígfús Már Sigurðarson

námið og í samskiptum við fólk. Ég gæti vel hugsað mér að fara á önnur námskeið þegar þessu námi lýkur ef það stæði til boða en það er ekkert afráðið ennþá.

Leikskólar

Nýr áfangi í menntun – ný námsleið



Nú á undanförunum misserum hefur verið unnið að námsskrá fyrir starfsfólk í leik og grunnskólum sem þörf hefur fyrir framhaldsnám á sviði uppeldis og umönnunar barna.

Nú er þessi námsskrá í lokavinnslu í menntamálaráðuneytinu og stefnt að að kennt verði eftir henni í haust. Um er að ræða tveggja ára nám sem í meginatriðum er á sviði uppeldis og umönnunar barna. Helstu námsgreinar eru: félagsfræði, Sálfræði, uppeldisfræði, leikur, samskipti og samstarf og umönnun og daglegt starf auk fleiri námsgreina og grunn kjarnans.

Þetta er afar mikilvægur áfangi fyrir þá starfsmenn sem vinna á leikskólum og hafa viljað ná lengra í námi á sviði uppeldismála og öðlast þannig aukin réttindi og færni til að starfið verði þeim auðveldara og starfsvettvangurinn meira gefandi.

Efling-stéttarfélag mun á næstu vikum halda kynningarfund með trúnaðarmönnum leikskóla og kynna þessa námsleið og þá námsstyrki sem starfsmenntasjóðurinn hefur uppá að bjóða. Einnig verður unnið að því í framhaldinu að fá metið það nám sem fólk hefur nú þegar tekið inn í þessa nýju námsbraut.

Námskeið fyrir starfsfólk á veitingastöðum



Starfsafl – starfsmennt Flóabandalagsins og SA mun í samvinnu við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina standa að námskeiðum fyrir aðstoðarfólk við framreiðslu á veitingahúsum. Boðið verður upp á þriggja klukkustunda námskeið og sýnikennslu, en tilgangur námskeiðanna er að auka færni starfsfólks. Á námskeiðinu verða grunnþættir þjónustu teknir fyrir svo sem fagleg framkoma og snyrtimennska, framreiðsla, að þjóna til borðs og sölumennska. Í framhaldi er markmiðið að bæta við þenna grunn námskeiðum um vínfræði, um samskipti starfsfólks og viðskipavina og meðferð kvartana — allt eftir sem þarfir og áhugi starfsfólks og fyrirtækja stendur til.

Kennt verður í Hótél- og matvælasólanum í Kópavogi eða á vinnustöðum allt eftir þátttöku fyrirtækja og einstaklinga.

Námskeiðin eru félagsmönnum Eflingar sem vinna við framreiðslu á veitingastöðum að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar fást á heimasíðu Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina www.fhm.is og á skrifstofunni s: 580-5254. Einnig veitir Maríanna Traustadóttir upplýsingar í síma 510-7543 eða tölvupósti marianna@starfsafl.is



Landnemarnir

Mikill áhugi og vinnugleði

-segja þær Vilborg og Hólmfríður

Hólmfríður Guðmundsdóttir og Vilborg Einarsdóttir

Í byrjun febrúar hóf göngu sína fullorðinsfræðsla fyrir Íslendinga af erlendum uppruna í Gamla Stýrimannaskólanum við Öldugötu. Námið fékk þá skemmtilegu nafngift landnemar. Nafnið er dregið af Vesturförum sem héldu í landnám vestur um haf seint á nítjándu öld. Að sögn Vilborgar Einarsdóttur verkefnastjóra og Hólmfríðar Guðmundsdóttur aðalkennara hefur landnemahópurinn farið vel af stað og ríkir að þeirra sögn mikill áhugi og vinnugleði í hópnum. Fréttablaðið ræddi við þær um þetta spennandi nám fyrir nokkru.

Við fórum af stað með það í huga að búa til nám sem tæki á fleiri þáttum í samfélaginu en eingöngu tungumálinu. En samt miðast námið mest við íslensku og öll kennsla og verkefnavinna fer fram á íslensku því aðalmarkmiðið er að þjálfar nemendur í málinu. Annað námsefni er enska, tölvunám og samskipti. Síðan erum

við með námsefni sem kallast Samfélag og menning þar sem farið er yfir réttindi og skyldur og ýmislegt fleira sem tengist samfélaginu.

Einnig er reynsla nemendana sjálfra af lífinu hér á landi tengd náminu. Þeir sem eiga rétt á þessu námi verða að vera félagar í Eflingu og vera í vinnu. Þrettán nemendur frá sex þjóðlöndum gafst kostur á að sækja skólann að frumkvæði vinnuveitenda eftir að við höfðum haft samband við þá með tilboð um námið.

Það er óhætt að segja að við erum mjög ánægð með hópinn eins og hann skipaðist því í honum ríkir mikill áhugi og vinnugleði. Annað sem okkur finnst mjög jákvætt er að nemendur sækja skólann í vinnutíma og fá greidd laun á meðan. Í vor þegar nemendur hafa lokið 250 kennslustundum verða þeir útskrifaðir með viðhöfn og vonandi verður framhald á þessu sögðu þær stöllur að lokum.

MFA, Efling-stéttarfélag, Starfsafl og Starfsmenntaráð standa að Landnemaverkefninu



Milder David Cabanas

Milder David Cabanas

Ánægður að komast í landnemanámið

Milder David Cabanas er frá Paragvæ og hefur dvalið á Íslandi í tvö ár. Hann sagðist vera mjög ánægður að hafa komist í landnemanámið. Eg var í Borgarholtskóla og síðan í Iðnskólanum að læra bifvélavirkjun en varð að

gera hlé á náminu til að læra meira í íslensku en það er einmitt megintilgangur landnemánámsins.

Aðrar námsgreinar sem við lærum eru enska, tölvunám, samfélagsfræði og einnig samskipti og tjáning. Öll kennsta fer fram á íslensku sem gerið það að verkum að við fáum mikla æfingu í að tala og skrifa málið.

Núna á eftir erum við að fara að borða þorramat sem er hluti af samfélagsfræðslunni en ég vona að það verði ekki boðið upp á hákarl því mér finnst hann ekki góður og svo er lyktin vond. Ég er eini karlmaðurinn í hópnum og finnst rosalega skemmtilegt að vera innan um allar konurnar, sagði Milder að lokum.



Phitploe Nopalit

Gott að hafa stuðning vinnustaðarins

- segir Phitploe Nopalit

Phitploe Nopalit er frá Thælandi og hefur unnið hjá Toppfiski í sjö ár. Hún segist vera mjög ánægð í skólanum og að allir landnemarnir séu mjög skemmtilegir og áhugasamir um námið. Aðal markmiðið er að læra að tala og skrifa íslensku en við lærum líka samfélags-

fræði þar sem við fáum m.a. upplýsingar um réttindi og skyldur okkar í samfélaginu. Einnig er kennd enska, á tölvur og ýmislegt fleira.

Kennt er tvo daga í viku og ég hef eignast margar nýjar vinkonur í skólanum. Eitt af því góða við námið er að við fáum stuðning vinnustaðarins til að sækja skólann og fáum greidd laun á meðan þannig að við höfum meiri tíma til að vera með fjölskyldunni, sagði Phitploe að lokum og brosti.



Við hátíðleg tækjferi





Dalveg 4, sími 584 4700
Hamraborg 14, sími 654 4200.



Íris Pétursdóttir

Á námskeiði fyrir starfsfólk í ræstingum

Hef öðlast nýjan skilning

- segir Íris Pétursdóttir

Íris Pétursdóttir hefur unnið við ræstingar og séð um kaffið hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur í Fossvogi síðastliðin 15 ár. Hún er heyrnarlaus og naut aðstoðar túlka á námskeiðinu. Íris



Námskeið fyrir starfsfólk í ræstingum

sagði að námskeiðið stæði yfir í fjórar vikur og að það væri búið að vera alveg frábært.

Við höfum verið að læra um ýmis efni og tæki sem eru notuð við ræstingar og líka hvernig á að beita líkamanum rétt í vinnunni sem er mjög mikilvægt í okkar starfi. Mér finnst ég hafa lært mikið á þessum stutta tíma og ég hef öðlast nýjan skilning á ræstingum. Ég er mjög þakklát fyrir að hafa komið hingað til að vera með þessum skemmtilegu konum og frábæru leiðbeinendum og vil hvetja alla sem eins er ástatt með að láta það ekki aftra sér heldur leita sér aðstoðar til að fá túlka og fara á námskeið sér til gagns og gamans



Theresa Imelda Secong

Theresa Imelda Secong

Skemmtilegt námskeið

Theresa Imelda Secong hefur unnið við ræstingar í þrjú ár í Iðnskólanum í Reykjavík. Hún er frá Filipseyjum og sagði að sér líkaði vel á námskeiðinu. Námið snýst aðalega um að læra á efnin og tækin sem eru notuð við að þrifa og hvernig best er að skipuleggja vinnuna. Svo er okkur líka kennd rétt líkamsbeiting við mismunandi störf. Námskeiðið hefur verið mjög skemmtilegt og ég hef haft töluvert gagn af því og svo er alltaf gott að kynnst nýju fólki.

Veistu?

....að hjá Tölvuskóla Reykjavíkur færð þú sérstaka afslætti vegna aðildar Eflingar að skólanum?



Þær hafa miðlað sín á milli mikilli og skemmtilegri reynslu í matargerð

Nám fyrir matráðskonur

Lært uppskriftir að frábærum réttum

-segir Jóhanna Þórisdóttir

Fréttablað Eflingar leit við á námskeiði fyrir matráðskonur á dögunum og hitti þar fyrir Jóhönnu Þórisdóttur sem sér um mótuneytið hjá VÍS. Jóhanna var spurð hvernig námskeiðið hefði gengið.



Hún sagði að námskeiðið væri búið að vera mjög fræðandi og skemmtilegt og að sér myndist að sem flestar matráðskonur ættu að fara á svona námskeið.

En hvað hafið þið verið að læra?

Við höfum verið að læra ýmislegt um matvörur, matargerð og hreinlæti sem er nauðsynlegt í öllum mótuneytum. Einnig er okkur kennt að setja saman matseðla og útbúa hugguleg veisluborð.

Við erum 10 matráðskonur á námskeiðinu og við höfum haft frábæra leiðbeinendur sem hafa kennt okkur mikið í þessa 26 tíma sem námskeiðið hefur staðið. En það hefur einnig komið skemmtilega á óvart að sú reynsla og þekking sem við konurnar höfum miðlað okkar á milli, hefur ekki síður verið mjög lærdómsrík og skemmtileg. Ég hef lært margar nýjar uppskriftir af frábærum réttum sem ég á örugglega eftir að bjóða upp á í mótuneytinu mínu sagði Jóhanna að lokum.

Smelltu á www.efling.is

Símenntun olúfélaganna og Starfsafls

Eins og fram hefur komið í fyrri fréttablöðum Eflingar hefur Starfsafl — starfsmennt Flóabandalagsins og SA unnið í samvinnu við Esso, Olís og Skeljung að fjölbreyttum námskeiðum fyrir starfsfólk þjónustumiðstöðva fyrirtækjanna.

Búið er að senda til þeirra sem málið varðar bækling með upplýsingum um hvaða námskeið eru í boði á vorönn 2002, dagsetningar og tíma fjölda. Félagsmenn Eflingar sem starfa hjá ofangreindum fyrirtækjum eru hvattir til þess að nýta sér þetta einstaka tækifæri til símenntunar.

Starfsafl greiðir þátttökugjaldið á námskeiðin, olúfélögin greiða laun þegar námið fer fram í vinnutíma og starfsmenn leggja fram tíma sinn þegar námið fer fram í vaktatími. Meðfylgjandi er listi yfir námskeið sem í boði eru á næstu vikum og mánuðum. Allar upplýsingar og skráning á námskeiðin er hjá starfsmannastjórum/fræðslustjórum fyrirtækjanna. Marianna Traustadóttir veitir upplýsingar í síma 510-7543 eða netfang marianna@starfsafl.is.



Word I 20 kst.

8., 10., 15. og 17. apríl kl. 13.00-16.30
Tölvuskóli Reykjavíkur, Skeifunni 11b

Fjármálin þín í Excel 12 kst.

22., 23., 29. og 30. apríl kl. 10.00-12.15
Mímir-Tómstundaskólinn, Öldugötu 23

Þjónusta við erlenda ferðamenn 8 kst.

Þriðjudaga kl. 09.00-12.00 frá 7.-14. maí
Mímir-Tómstundaskólinn, Grensásvegi 16a

Greining og aðstoð vegna lesblindu

Einkatímar eftir samkomulagi

**Stór
PLÚS**
fyrir þig

PLÚS er nýr mjólkurréttur
sem sameinar ótrúlega
marga kosti.

- **plús** fyrir þá sem kjósa fáar hitaæmningar
- **plús** fyrir þá sem vilja næringarrika en 99,5% fitulausa fæðu
- **plús** fyrir þá sem vilja ekki viðbættan sykurl
- **plús** fyrir þá sem vilja bæta meltinguna og auka innri styrk
- **plús** fyrir flesta þá sem eru með mjólkursykurl

Leggðu saman kostina
— þú kemur út í **plús**



Umönnun meðal eldra fólks

Þrír af fjórum telja störfin mjög erfið

eftir Kristín Tómasson



Umönnun á öldrunarstofnunum og öldrunardeildum er almennt talin erfið. Um er að ræða að lyfta, snúa og hlú að öldruðum, veikum og lasburða, í rúmum, baða þau, hjálpa þeim úr rúmi í stóla o.fl. Oft er um vaktavinnu að ræða, en vítað er að vaktavinna hefur áhrif á heilsu, líðan og svefn fólks. Vinnuslys eru tíð. Sýnt hefur verið fram á það í erlendum rannsóknnum að um 10% mannafla í umönnun verða fyrir slysi á ári hverju. Starfsfólk á öldrunarstofnunum/deildum kynnist vistmönnum vel vegna langvarandi samveru og hefur samskipti við aðstandendur þeirra. Starfsfólk veit að oftast er ekki um bata að ræða hjá heimilismönnum heldur hrörnun og dauða. Smithætta er fyrir hendi, svo sem vegna lifrabólgu og umgangssýkinga.

Starfsfólkið getur átt von á árásum bæði í orði og verki. Mannskipti eru tíð. Vinnuskipulag, stjórnun og mannleg samskipti í starfsmannahópnum hafa sín áhrif á heilsufar

og kulnun. Mikill fjöldi fólks vinnur í öldrunarþjónustu og má gera ráð fyrir að um 1-2 % vinnuafls á landinu vinni við þessi störf. Verulegur skortur hefur verið á upplýsingum um eðli og hættur tengdar þessum störfum fyrir líðan og heilsu starfsfólks og hefur það virkað hamlandi fyrir Vinnueftirlitið í þeirri ráðgjöf um vinnuvernd sem það veitir og vill veita. Byggt á þessum rökum var ákveðið að kanna vinnuumhverfi, heilsu og líðan starfsfólks á öldrunarstofnunum með það að markmiði að slíkar upplýsingar mundu nýtast stjórnendum, starfsmönnum, stéttarfélögum og öðrum til þess að gera þessa vinnustaði að enn betri vinnustöðum gamla fólkinu sem þar býr til framdráttar sem og starfsfólki sem þar vinnur störf sín. Nokkrar niðurstöður fara hér á eftir.

Aðferðir og efniviður

Vinnueftirlitið beindi spurningum til starfsmanna um lýðfræðileg atriði, líkamlegt álag og líkamsbeitingu, félagslega og andlega álagþætti, almenn atriði í vinnuumhverfi, lífsstíl og heilsufar. Listinn var lagður fyrir 1886 starfsmenn sem voru í vinnu í nóvember árið 2000 á 62 öldrunarstofnunum eða öldrunardeildum sjúkrahúsa. Listar voru bæði á íslensku og á ensku til að ná til sem flestra starfsmanna.

Annar hluti könnunarinnar fólst í eftirlitsátaki á þessum sömu stofnunum. Markmið

Sjúkraliðar og ófaglærðir starfsmenn í umönnun eru þeir hópar sem töldu starfið einna erfiðast og voru helst líkamlega úrvinda eftir vinnu





Þess var að skoða vinnuumhverfi starfsmanna í öldrunarþjónustu með tilliti til vinnuaðstæðna og líkamlegs álags. Mat fór fram á vinnurými á deildum og aðgengi að hjálpartækjum bæði út frá mati eftirlitsmanna og starfsmanna. Stuðst var við matsgjöf þá sem notuð er á Vinnueftirlitinu við almennar eftirlitsskoðanir. Tímasettar kröfur um úrbætur voru gerðar eða minni-háttar athugasemdir þar sem það átti við.

Niðurstöður og umræða

Svörun var 80% en 4% allra sem fengu spurningalista svöruðu á ensku. Karlar voru 4% heildarhópsins en 96% voru konur á aldrinum 14 til 79 ára og meðalaldur tæp 45 ár. Hæsta menntunargráða rúms fjórðungs svaraenda var grunnskólapróf eða sambærilegt, tæplega fjórðungs framhaldsnám eftir grunnskóla og tæplega fimmtungs háskólagráða eða loka-próf frá Hjúkrunarskóla Íslands.

Tafla 2. Skiping starfsmanna eftir starfi í öldrunarþjónustu.

Hjúkrunarfræðingar	16%
Sjúkraliðar	20%
Ófaglærðir í umönnun	44%
Ræstitæknar	8%
Aðrir	11%

Líkamlegt álag og líkamsbeiting

Í niðurstöðum könnunarinnar kom fram að

um um 74%, sögðu starfið líkamlega erfitt. Sjúkraliðar og ófaglærðir í umönnun eru þeir hópar sem töldu starfið einna erfiðast og voru helst líkamlega úrvinda eftir vinnu en ræstitæknar voru eini hópurinn þar sem meirihluti sagði starfið líkamlega einhæft.

Almennt er mikil fjölbreytni í líkamsstöðum og vinnustellingum starfsmanna. Meira en helmingur sjúkraliða, ófaglærðra starfsmanna í umönnun og ræstitækna sögðust oft þurfa að vinna á hækjum sér og um helmingur þeirra þurfa oft að krjúpa við vinnu sína. Einnig var mikið var um erfiðar vinnustellingar er auka á álagseinkenni frá herðum og hálsi og má leiða líkum að því að það tengist hárrí tíðni óþæginda í hálsi, herðum og öxlum en yfir 70% sögðust hafa haft slík óþægindi á s.l. ári. Jafnframt voru um 80% starfsmanna með einhver óþægindi í baki sem rekja má til þess að starfsmenn eru oft í álútnum stellingum með snúinn bol lyftandi þungum byrðum.

Þjálfun í vinnutækni og notkun hjálpartækja

Í reglum um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar (nr. 499/1994) er lögð áhersla á að notuð séu viðeigandi hjálpartæki, einkum vélbúnaður, til að komast hjá því að starfsmenn þurfi að beita handafli til að færa byrðar úr stað. Algengi ofangreindra erfiðu vinnustellinga má að hluta rekja til þess að hjálpartæki eru ekki nægilega notuð en um fjórðungur taldi taldi hjálpartæki of fá og sama hlutfall notaði ekki hjálpartæki vegna þrengsla

á vinnustað. Um 23% nefndu manneklu og um fimmtungur tímaleysi.

Þrír af hverjum fjórum svarendum töldu að samband væri á milli starfsins í öldrunarþjónustu og þeirra óþæginda sem þeir höfðu fundið fyrir. Sjúkraliðar og ófaglærðir í umönnun voru þeir starfshópar sem hvað helst tengdu óþægindin við starfið. Algengast var að fólk tengdi óþægindi sín við vinnuálag, eða um 70%, en um 34% kenndu vinnuáðstöðunni um. Tæplega helmingur taldi óþægindin tengjast eigin líkamsbeitingu og venjum og sýnir það að starfsmenn gera sér grein fyrir eigin ábyrgð á vandamálinu.

Félagslegir og andlegir álagspættir

Rúmur helmingur starfsfólks á öldrunarstofnunum eða öldrunardeildum sjúkrahúsa taldi starf sitt vera andlega fjölbreytt. Svörin dreifðust mjög ólíkt á starfshópana. Þegar sá hópur, sem sagði starfið vera andlega einhæft, er skoðaður nánar má sjá að um 70% ræsttækna sagði starfið vera andlega einhæft samborið við einungis 13% hjúkrunarfræðinga. Um helmingur sjúkraliða og ófaglærðra starfsmanna í umönnun sagði starfið andlega einhæft. Ræsttæknum er því hættara við álagi af þessum sökum en t.d. hjúkrunarfræðingum. Þeir starfsmenn sem sögðu að starfið væri andlega einhæft voru óánægðari í starfi en þeir sem sögðu að það væri andlega fjölbreytt og voru líklegri til að hafa fundið til óþæginda í mjóbaki.



Ríflega helmingur starfsmanna sagði starfið vera andlega erfitt. Þar dreifðust svörin einnig ólíkt eftir starfsgreinum. Hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og ófaglærðir í umönnun voru mun líklegri en ræsttæknar til að segja að starfið væri andlega erfitt. Þeir starfsmenn sem unnu undir miklu tímaálagi voru líklegri en aðrir til að segja að starfið væri andlega erfitt, að vera andlega úrvinda í lok vinnudags og að vera óánægðir í starfi. Þessir starfsmenn voru einnig líklegri en aðrir til að hafa óþægindi í mjóbaki, herðum og öxlum. Þeir höfðu auk þess fremur

Framhald á síðu 46

www.flugfelag.is






... fljúgðu frekar

websaer@airiceland.is
sími 570 3030 - fax: 570 3041

Freistandi ferðatilboð á flugfelag.is

**einfalt
hrætt
hagkvæmt**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



- fyrir fólk eins og þig!

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur skrifar

Efling menntunar er í takt við nýja tíma

Menntun og misskipting auðs



Ásgeir Jónsson, hagfræðingur

Á síðustu áratugum hefur tekjumunur vaxið meðal fólks á Vesturlöndum, sem stafar af því að laun menntaðra starfsmanna hafa hækkað meira en þeirra sem hafa skemmri skólagöngu að baki. Tvennt hefur verið nefnt til sögunnar þessu til skýringar. Í fyrsta lagi hefur alþjóðavæðing og viðskipti við láglaunalönd verið talin þrýsta niður launum ófaglærðra í hinum ríkari löndum. Þetta hefur verið orðað sem svo að í framtíðinni munu þeir sem hafi *þriðja heims menntun* á Vesturlöndum muni uppskera *þriðja heims laun*. Í öðru lagi, virðast framfarir í tækni og viðskiptum einkum hafa komið menntuðum starfskröftum til góða sem virðast eiga auðveldar með að tileinka sér tækninýjungar sér til framdráttar. Af því leiðir að

umbun fyrir hvers konar menntun hefur aukist verulega í nær öllum iðnþróuðum ríkjum og þar með hefur launabil vaxið í þjóðfélaginu.

Svipaðir hlutir eru að gerast á Íslandi. Í umfangsmikilli könnun á dreifingu tekna hérlandis sem gerð var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands nú síðasta haust, kom fram að launamunur jókst á Íslandi á árunum 1988-94. Þetta má vitaskuld rekja til niðursveiflu og atvinnuleysis á þeim tíma. Það er segin saga að efna-hagslægdör koma yfirleitt verst niður á tekjulágum, sem eru t.d. líklegri til þess að missa vinnuna. Þessi þróun hefur ekki gengið til baka þrátt fyrir að batnað hafi í ári og dregið hafi úr atvinnuleysi. Það bendir til þess að hið sama hafi gerst hérlandis og erlendis, að umbun fyrir menntun hafi aukist og gæti aukist enn frekar í framtíðinni.

Sú spurning bíður nú svars, hvernig hægt er að auka jöfnuð á nýjan leik. En svo vill til að tillögur Hagfræðistofnunar í þessu efni eru nær samhljóða þeirri stefnu sem Efling hefur mótad í starfsmenntamálum.

Var því slegið fram að tillögur Hagfræðistofnunar litu út eins og þær hefðu verið samdar á skrifstofu Eflingar



Hvað þýðir jöfnuður?

Rétt er að vara lesendur við því þegar í byrjun að falla í þá freistni að leggja að jöfnu velferð og jafna tekjuskiptingu. Hægt er að hugsa sér samfélag þar sem almenn velferð er rýr en samt sem áður mælist mikill jöfnuður því allir eru jafn fátækir. Í því tilviki leiðir minni jöfnuður til hærri tekna, hærri skatta og auknið svigrúm til velferðaraðstoðar. Einnig er vert að minnast þess að í nútímasamfélagi getur fólk auðgast án þess að aðrir verði fátækari. Þekking, tækni, frumkvæði, útsjónarsemi og dugnaður skapa nýjan auð fyrir samfélagið án þess að skerða hlut annarra. Á sama hátt, ef lítið er til einstakra byggðarlaga, má vel sjá fyrir sér að aukinn jöfnuður sem stafar af brottflutningi hátekjufólks komi sér illa vegna þess að útsvarstekjur sveitarfélagsins dragast saman í kjölfarið, eins og t.d. gerist þegar kvóti flyst burt úr byggðalagi. Aftur á móti hagnast það sveitarfélag sem fær til sín nýjan tekjuháan einstakling.

Því er heldur ekki að leyna að hægt er að skilgreina jöfnuð með mismunandi hætti. Sumir vilja leggja áherslu á efnalegan jöfnuð með því að færa tekjur á milli fólks t.d. í gegnum skattkerfið. Aðrir vildu fremur undirstrika jafnrétti eða jöfn tækifæri, og síðan sé uppskorið eins og til var sáð. Vitaskuld tengjast þessi tvö hugtök. Efnalegur jöfnuður getur ekki orðið án jafnréttis og jafnrétti getur heldur ekki orðið án þess að jafnrétti til staðar. En sá jöfnuður hlýtur að vera bestur sem kemur til af því að fleiri einstaklingar hækka sig í tekjum. Hér kemur menntun til sögunnar.

Menntun og jöfnuður

Menntun er í raun mjög vítt hugtak sem nær yfir alla þá þekkingu sem eykur afköst starfsfólks og þar með virði þeirra á vinnumarkaði. Hér er ekki aðeins átt við háskólanám eða bóknám, heldur einnig verknám og þá þekkingu og reynslu sem starfsmenn öðlast innan fyrirtækja. Menntun er til þess fallin að auka jöfnuð í þjóðfélaginu, því þeir sem menntast hækka að jafnaði í tekjum. Þannig getur fólk unnið sig upp úr neðri þrepum tekjuskiptingarinnar með þekkingu og dugnaði — og án þess að þurfa að reiða sig á erfðir eða frændsemi. En aukin menntun kemur sér einnig vel fyrir þá sem kjósa að leita hennar ekki. Þeim mun fleiri sem færa sig úr hópi ófaglærðra í hóp faglærðra, því færri keppa um þau störf sem krefjast ekki menntunar og laun þeirra hækka. Þess vegna er ójöfnuður mestur í heiminum í þeim löndum þar sem menntun telst til forréttinda tekjuhárna og obbi vinnuafslins keppir um störf sem krefjast lítillar eða engrar menntunar og hver býður launin niður fyrir öðrum.

Smelltu á www.efling.is

Frumkvæði Eflingar

Niðurstöður Hagfræðistofnunar um tekjuskiptingu voru kynntar fyrir trúnaðarráði Eflingar í janúar síðastliðnum. Þar voru einnig kynntar tillögur stofnunarinnar ummenntunarsstyrki og aukna samvinnu við fyrirtæki um menntun starfsfólks til þess að auka jöfnuð samfélaginu. Þá var því slegið fram að tillögur Hagfræðistofnunar litu út eins og þær hefðu verið samdar á skrifstofu Eflingar. Þetta má til sanns vegar færa. Sú stefna sem félagið hefur nú þegar tekið upp að efla menntun innan sinna raða er í takt við nýja tíma. Hún hjálpar þeim félagsmönnum sem vilja hækka í launum með því að bæta við sig þekkingu og hún hlýtur einnig að koma sér vel fyrir fyrirtækin sem þurfa hæft og þjálfað starfsfólk. Flest bendir síðan til þess að störfum fyrir faglært fólk muni fjölga á næstu árum. En umfram allt er þetta góð kjaramálastefna. Áhersla á menntun kemur sér vel fyrir **alla** félagsmenn, einnig þá sem kjósa að nýta ekki þau tækifæri sem félagið býður því laun þeirra gætu hækkað í kjölfarið þar sem færri munu keppa um þau ófaglærðu störf sem munu verða í boði í framtíðinni.

Ásgeir Jónsson er hagfræðingur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands



VINNUMIÐLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 588 2580
 fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
 atvinnuleysisskráning fyrir íbúa
 í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
 Bessastaðahreppi, Garðabæ,
 Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
 Einnig eru veittar upplýsingar í síma.



Sólveig Magnúsdóttir

Könnun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra


Athyglisverðar niðurstöður

Síðastliðið haust var ákveðið að gera athugun á stöðu og högum langtímaatvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu, en langtímaatvinnulausir teljast þeir sem verið hafa án vinnu í sex mánuði eða lengur. Atvinnuástand hafði verið mjög gott um nokkurn tíma og þótti ástæða til að athuga hvort hægt væri að greina hvaða ástæður lægju að baki því að þessi hópur væri enn án vinnu þrátt fyrir töluverða eftirspurn eftir vinnuafli. Könnunin var unnin af Vinnumálastofnun að frumkvæði Eflingar — stéttarfélags. Margvíslegra upplýsinga var aflað s.s. um menntun, fjölskylduhagi, afkomu, námskeiðsókni og andlega líðan svo eitthvað sé nefnt. Hér á eftir gerir Sólveig Magnúsdóttir, sem hefur haft veg og vanda af þessu verkefni grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.

Mun fleiri konur en karlar

Mun fleiri konur en karlar eru í hópi langtímaatvinnulausra eða 68,7% á móti 31,3%. Stærsti aldurshópur beggja kynja er hópur 55 ára og eldri, 59% karlanna en 45% kvennanna. Hjá konunum er hópur 25-39 ára næststærsti hópurinn. Nánari skiptingu hópsins eftir kyni og aldri má sjá á mynd 1.

Mynd 1. Langtímaatvinnulausir eftir aldri og kyni



Nokkur munur er á dreifingu langtímaatvinnulausra eftir úthlutunarnefndum. Munar þar mestu á elsta aldurshópnum sem hjá báðum kynjum er mun stærri hjá úthlutunarnefnd 2 — VR. Konur 40 til 54 ára eru fleiri hjá úthlutunarnefnd 1- Eflingu en er því öfugt farið hjá körlunum. Hins vegar eru karlar hjá úthlutunarnefnd Eflingar fjölmennari í aldurshópnum 25 til 39 ára.


Ástæður atvinnuleysis

Margbreytilegar ástæður eru að baki því að fólk hætti í síðasta starfi. Skipulagsbreytingar eru efstar á blaði hjá konunum en næstalgengast er að konur hafi komið á skrá eftir að fæðingarorlofi lauk. Helsta ástæða atvinnuleysis hjá körlum er samdráttur, en veikindi eru önnur helsta ástæða þess að karlar hafa misst vinnuna. Er hér bæði átt við þá sem sagt hafa upp sjálfir vegna heilsuleysis af völdum sjúkdóma eða slysa en einnig þá sem sagt hefur verið upp af þeim sökum.

Lengd atvinnuleysis

Eins og fram kom hér á undan hafa allir sem þátt tóku í könnuninni verið án vinnu lengur en sex mánuði. Flestir höfðu verið atvinnulausir innan við ár eða 38% en 25% höfðu verið atvinnulausir lengur en þrjú ár. Konur eru fleiri meðal þeirra sem hafa verið án vinnu innan við tvö ár en hlutfallslega fleiri karlar hafa verið án vinnu lengur en tvö ár. Eins og sést á mynd 3 hefur elsti aldurshópurinn verið lengst á skrá.

Mynd 3. Lengd atvinnuleysis eftir aldri



Innan við þriðjungur hópsins hafði verið atvinnulaus áður en langflestir eru nú atvinnulausir í fyrsta sinn. Rúmlega helmingur hafði aðeins haft eitt starf á síðustu fimm árum en fjórðungur hafði verið í tveimur störfum á þeim tíma. Af þessu má sjá að í hópi langtímaatvinnulausra er ekki um að ræða fólk sem skiptir oft um vinnu eða á mörg atvinnuleysistímabil að baki.

Af þessum tölum um aldur langtímaatvinnulausra og lengd atvinnuleysis má sjá að staðan er verst hjá þeim sem elstir eru. Þeir eru fjölmennasti aldurshópurinn og fjölmennastir meðal þeirra sem lengst hafa verið á skrá. Á þetta helst við um fólk á sjötugsaldri sem flest

hafði verið lengi í starfi á síðasta vinnustað þegar það missti vinnuna. Hluti þessa fólks er ekki lengur í atvinnuleit, hefur í raun gefið upp alla von um að fá vinnu. Margir hafa sætt sig við þessar aðstæður, aðrir ekki.

Áhugi á námskeiðum og lengra námi

Kannað var hvort þátttakendur hefðu áhuga á að sækja frekari námskeið en nú eru í boði á vegum vinnumiðlunar og virðist mikill áhugi á því, jafnt meðal kvenna og karla. Flestir vilja sækja námskeið sem þeir telja að muni auka atvinnumöguleika þeirra með beinum hætti s.s. tölvu- eða bókhaldsnámskeið, aðrir vilja byggja sig upp með sjálfstyrkingarnámskeiðum eða öðrum námskeiðum og telja þá leið árangursríka í atvinnuleitinni.

Af þeim sem ekki höfðu áhuga á að sækja námskeið nefndu langflestir aldurinn sem aðal ástæðu. Mörgum af elstu kynslóðinni finnst ekki ástæða til að sækja námskeið þar sem þeir telja sig ekki hafa neina möguleika á að fá vinnu.

Töluverður áhugi virðist vera meðal atvinnulausra að leggja stund á lengra nám ef aðstæður leyfðu. Á það sérstaklega við um konur, en 66% þeirra segjast hafa áhuga á lengra námi. Mestur er áhuginn á almennu bóklegu fram-

haldsnámi og styttra starfsnámi. Þessi áhugi fer saman við það hve margar konur hafa hætt í námi á framhaldsskólastigi.

Afstaða til vinnu og áhrif atvinnuleysis á andlega líðan

Nokkrum spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur til að kanna afstöðu þeirra til vinnunnar og áhrif atvinnuleysisins á andlega líðan. Almenn má segja að langflestir þátttakendur hafi jákvæða afstöðu til vinnunnar, hún hefur skipað þýðingarmikinn sess í lífi flestra og margir nefndu að félagslegt gildi vinnunnar væri þeim mikils virði. Rúmlega helmingur allra þáttakenda segir atvinnuleysið hafa haft slæm áhrif á andlega líðan og að sjálfstraust þeirra hafi minnkað í kjölfar atvinnuleysisins. Hljóta þessar háu tölur um áhrif atvinnuleysis á andlega líðan að vera verulegt áhyggjuefni og ábending um að þörf sé á sérstökum stuðningi við langtímaatvinnulausa á þessu sviði.

Rúmlega helmingur allra þáttakenda segir atvinnuleysið hafa haft slæm áhrif á andlega líðan og að sjálfstraust þeirra hafi minnkað



Nestlé Build-Up er bragðgóður drykkur sem inniheldur 1/3 af ráðlögðum dagskammti (RDS) af 12 vitaminum og 6 steinefnum auk prótins og orku



Upplýsingar um næringarinnihald:

Í 30 gr. breitt blönduðu
í 284 ml. af mjólk

			% af RDS
Orku	kJ	1385	
	kcal	330	
Prótein	g	18,0	
Kolvetni	g	37,1	
þar af sykur	g	36,5	
Fita	g	12,4	
þar af metnað	g	7,5	
Trefjar	g	0,8	
Natrium	g	0,4	
Kalíum	mg	810	

Vitamin			
A-vitamin	µg	300,0	36%
B1-vitamin	mg	0,8	40%
B2-vitamin	mg	1,2	60%
B6-vitamin	mg	0,9	45%
B12-vitamin	µg	1,7	170%
C-vitamin	mg	23,0	36%
D-vitamin	µg	1,8	36%
E-vitamin	mg	3,3	30%
Biotín	mg	0,06	40%
Fólin	µg	84,0	42%
Niasín	mg	6,2	34%
Pantótenat	mg	3,0	50%

Steinefni			
Kalk	mg	607,0	76%
Jod	µg	84,0	60%
Járn	mg	0,5	36%
Magnesium	mg	132,0	44%
Fosfór	mg	834,0	67%
Zink	mg	6,2	44%

Build-Up fyrir alla

Góð aðferð til þess að auka neyslu vitaminna og steinefna þegar þú þarft á aukakrafti að halda. Hentar börnum (eldri en 3ja ára) sem eldra fólk og öllum þar á milli.

Build-Up á meðgöngu og með barn á brjósti

Tryggir að nægilegt magn næringarefna sé til staðar á þessum mikilvæga tíma

Build-Up eftir veikindi

Sér til þess að þú færð öll réttu næringarefni til þess að ná skjóttum bata

Build-Up – fljótlegur drykkur

Eitt breið út í kalda eða heita mjólk eða ávaxtasafa gefur þér fljótt og bragðgóðan drykk stúttulan af næringarefnum



Dæmi um hvað vitamin og steinefni gera fyrir þig

A-vitamin

Nauðsynlegt til vaxtar og viðhalds vefja, viðheldur mjótt og heilbrigði hörunds. Ver slímhúð í munni, nefi, halsi og lungum. Eykur viðnám gegn sýkingum og bætir sjónina. Hjálpar við myndun beina.

B2-vitamin (Ribóflavín)

Hjálpar við að nýta orkuna í fæðu, hjálpar við myndun mótefna og rauðra blóðkorna. Nauðsynlegt til að viðhaldi hörundi, nógum, hári og góðri sjón.

Niasín (Niasín-vitamin B3)

Bætir blóðrásina og lækkar kólestról í blóði. Viðheldur taugakerfinu, lækkar hðan blóðþrýsting, hjálpar við meltingu og stuðlar að heilbrigði húðar.

Zink

Mjög mikilvægt fyrir ónæmiskerfið, flýr fyrir að sár grói og er mikilvægt fyrir stöðugleika blóðsins. Viðheldur alkalíne jafnvægi líkamans.



Um eftirlitsmyndavélar á vinnustöðum

Verulegar hömlur á notkun þeirra

-eftir Láru V. Júlíusdóttur hrl.

Á undanförunum árum hefur æ meira borið á því að komið sé fyrir eftirlitsmyndavélum á vinnustöðum. Þetta er ekki óalgengt í verslunum og er þá verið að fylgjast með því að viðskiptavinir steli ekki vörum úr hillum. Líka er algengt að í bönkum sé komið fyrir myndavélum til að tryggja öryggi bankastarfsmanna og draga úr hættu á bankaránum. Með aukinni tækni opnast nýir möguleikar á alls konar eftirliti á þessu sviði. Oftast eru þessi eftirlitstæki sett upp í öryggisskyni og tilgangurinn öllum augljós. Stundum kemur þó fyrir að eftirlitsmyndavélum er komið upp á vinnustöðum í þeim tilgangi einum, að því er virðist, að fylgjast með starfsmönnum og afköstum þeirra. Hafa þá vaknað spurningar um hvort slíkt sé almennt heimilt, og hvort þar sé ekki verið að brjóta gegn mannréttindum starfsmanna með því að taka myndir af eða fylgjast með úr fjarlægð athöfnum þeirra í störfum.

Pannig urðu nokkrir félagsmenn í Eflingu, starfsmenn á tilteknum vinnustað, að sæta því um daginn að flytja kaffiðstöðu sína í rými þar sem eftirlitsmyndavélum er komið fyrir



Fylgst með starfsmönnum í kaffi

Pannig urðu nokkrir félagsmenn í Eflingu, starfsmenn á tilteknum vinnustað, að sæta því um daginn að flytja kaffiðstöðu sína í rými þar sem eftirlitsmyndavélum er komið fyrir. Leiddi þetta til þess að þeir fengu athugasemdir frá skrifstofu, m.a. hvað snertir klæðaburð. Augljóslega hafði þá verið fylgst með þeim í kaffi, þegar þeir áttu að geta verið í friði og ró og notið þess að hvíla sig.

Að sjálfsögðu eru verulegar takmarkanir á því að hægt sé að koma fyrir eftirlitsmyndavélum á vinnustöðum, og alls ekki hægt að fallast á að slíkar vélar séu settar upp í þeim tilgangi að fylgjast með afköstum, klæðaburði eða háttsemi starfsmanna.

Vernd persónufrelsis

Stjórnarskráin hefur að geyma almenn ákvæði um vernd persónufrelsis og segir þar að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Verður því að gæta þess að slík ákvæði séu ekki brotin þegar eftirlitsmyndavélar eru annars vegar.

Myndavélaeftirlit, án vitnesku þeirra sem eru myndaðir, er skýlaust brot gegn d. lið 86. gr. 1. nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ef heimilt á að vera að fylgjast með einstaklingum með myndavélum án þeirra vitneskju þarf samkvæmt þeim lögum dómsúrskurð.

Verulegar hömlur á að setja upp myndavélar og beita þeim

Um eftirlitsmyndavélar eru svo ákvæði í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Þar eru verulegar hömlur á því að settar séu upp slíkar myndavélar á vinnustöðum og jafnframt á því hvernig hægt er að beita þeim. Auk ákvæða í lögum um persónuvernd hafa verið settar reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskyldu og leyfisskyldu við vinnslu persónuupplýsinga.

Hafi fyrirtæki í hyggju að setja upp eftirlitsmyndavél á vinnustað þarf að leita leyfis eða tilkynna það til Persónuverndar. Persónuvernd metur það hvort slíkt leyfi sé veitt. Með þessu á að vera fullkomlega tryggt að ekki sé verið að fylgjast með starfsmönnum að ósekju. Fáist heimild til að setja upp eftirlitsmyndavél á vinnustað er skylt að það sé kynnt vel og segir í 24. gr. 1. um persónuvernd: **“Viðvaranir um rafræna vöktun.** Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.”

Höfundur er lögmaður Eflingar-stéttarfélags

Smelltu á www.efling.is



Það skiptir máli að skoða vöruverð

Þú getur sparað nærri 20.000 kr. á mjólkurkörfunni

Nú á undanförunum mánuðum hefur verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands staðið að verðkönnunum og birt þær með jöfnu millibili. Ágústa Ýr Þorbergsdóttir, verkefnisstjóri verðlagseftirlitsins fjallaði um á trúnaðarráðsfundi Eflingar 26.febrúar s.l. hversu mikilvægt það er að kanna vel verð á nauðsynlegustu matvörum.

Starfsmenn Eflingar-stéttarfélags fóru á vettvang og endurtóku könnun ASÍ frá því í janúar 2002 og báru saman verð á mjólkurvörum milli verslana. Mikill munur kom fram milli

verslana. Mesti munur var um 40% á verði á kókómjólki.

Ef lagt er saman hvað þetta getur þýtt fyrir heimili með börn þar sem fara 2 lítrar af léttmjólki á dag, 250 fernur af kókómjólki á ári, 180 dósir af skyri, 100 fernur af súrmjólki, þá er verðmunurinn á einu ári 19.340.krónur. Væntanlega er þetta þó langt undir neyslu meðal fjölskyldu en gefur þó vísbendingu um hversu mikilvægt það er að versla þar sem verðið er hagstæðast fyrir heimilið.

Verðkönnun Eflingar-stéttarfélags 25. febrúar 2002

Vörutegund	Bónus	Krónan	Nettó	Fjarðar- kaup	Hagkaup	Samkaup	10-11	Strax	Nóatún	Nýkaup	11-11	Besta verð	Lagsta verð	Mismunur á B / 11 %
Léttmjólk 1 l	76	76	77	79	84	84	85	86	86	86	86	86	76	13,16
Kókómjólk 1/4 l	49	55	56	55	61	62	69	63	69	69	69	69	49	40,81
Rjómi 1/4 l	155	159	160	162	179	179	181	178	185	185	185	185	155	19,35
Sýrður rjómi 10% 200 gr.	130	131	134	149	156	156	164	169	173	173	173	173	130	33,07
Skyr.is m/vanillu 170 gr.	73	77	80	78	86	86	89	93	96	96	96	96	73	31,50
Létt súrmjólk	105	106	107	117	119	118	124	120	125	126	128	128	105	21,90
Rjómaostur 400 gr	259	265	269	289	309	299	325	339	329	329	329	339	259	30,88
Gráðaostrur 100 gr. 1/2 lauf	139	148	149	152	172	182	174	189	174	189	189	189	139	35,97
Smjörvi 300 gr.	155	158	159	162	166	166	185	179	189	189	189	189	155	21,93
Skólaostur 1 kg.	913	913	961	961	899	961	961	961	961	961	961	961	899	6,89

**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega
www.nyiokuskolinn.is

**NÝ
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 588 4500 • 898 3903



Verður fræðslumiðstöð atvinnulífsins að veruleika?

Tækifæri til sóknar í menntamálum

Í síðustu kjarasamningum lögðu samtök launafólks og atvinnurekenda grunn að nýrri sókn í starfsmenntamálum. Með stofnun fræðslusjóðanna var stigið skref til að auka hæfni starfsfólks og um leið samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Nú standa þessir nýju sjóðir og eldri fræðslustöðvar ásamt MFA, ASÍ og Samtökum atvinnulífsins aftur á tímamótum þegar reynt verður að stofna eina fræðslumiðstöð með öllum þessum aðilum innanborðs. Hér er um vandasamt og flókið verkefni að ræða þar sem reynir á þessa aðila með nýjum hætti við samningaborðið. En ef vel tekst til má fullyrða að sameiginleg fræðslumiðstöð atvinnulífsins geti gerbreytt ýmsum veigamiklum þáttum í menntamálum launafólks. Á þetta mun reyna í viðræðum aðila sem eru framundan.

Á vegum Alþýðusambandsins hefur nú um nokkurt skeið verið unnið að því að móta stefnu í þessum málum. Fulltrúar frá stéttarfélagunum þ.á.m. Eflingu, MFA, ASÍ og iðnaðarmannafélögum hafa mótað sér viðræðugrundvöll gagnvart atvinnurekendum og fyrstu fundir með Samtökum atvinnulífsins hafa verið haldnir. En hvað rekur Alþýðusambandsfélög-

in sem mörg hver búa yfir öflugum fræðslusjóðum til að hefja viðræður um stóra sameiginlega fræðslumiðstöð?

Menntunarstig lækkar – fjölgar í hópi þeirra sem hafa minni menntun

Það er mikið áhyggjuefni að þrátt fyrir ýmsar nýjar leiðir til menntunar á síðustu árum og jákvæða viðleitni, bæði í ýmiss konar starfsmenntun, í annarri framhaldsmenntun og háskólamenntun sýna tölur að dregið hefur úr menntunarstigi. Allt of stór hópur lýkur ekki framhaldsskólamenntun. Þó ólíklegt virðist við fyrstu sýn þá hefur menntunarstig hér á landi lækkað á undanförunum árum. Það er færra fólk sem aflar sér menntunar og þekkingar. Í reynd þýðir þetta að þrátt fyrir fjölgun framhalds-

Allt of stór hópur lýkur ekki framhaldsskólamenntun



skóla og aukið framboði þeirra fjölgar þeim á vinnumarkaði sem eru með skamma skólagöngu og minni menntun. Getur verið að einhæfni vinnumarkaðarins hafi dregið úr menntunarframboði? Fjölgun starfa hefur fyrst og fremst verið í verslun og ýmissri þjónustu tengd verslun. Fjölgun í þessum hluta vinnumarkaðarins er jákvæð en hún hefur því miður ekki kallað eftir fólki með meiri menntun. Við þurfum því að horfast í augu við þá staðreynd að menntastefna þjóðarinnar er ekki í takt við þau störf sem í boði eru á almennum vinnumarkaði. Þetta er mikið áhyggjuefni sem verður að bregðast við.

Fræðslumiðstöð tæki til úrbóta

Meginniðurstaðan af þeirri vinnu sem hefur farið fram innan ASÍ að undanförunum er sú að það skorti nýtt afl til að takast á við þetta ástand. AFL sem beiti sér fyrir öflugri uppbyggingu og þróun menntunar sem taki mið af þörfum atvinnulífsins. Í þessari vinnu hefur sú skoðun verið ríkjandi, að mikilvægt sé að fulltrúar atvinnurekenda og launafólks gegni lykilhlutverki í framtíðaruppbyggingu menntunar í þágu atvinnulífsins. Þetta eru þeir aðilar sem gerst þekkja aðstæður og eiga mestra hagsmuna að gæta.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vinnuheiti þessa afli sem ASÍ vill stofna með atvinnurekendum. Rætt er um að miðstöðin verði í formi hlutafélags þar sem báðir aðilar yrðu eigendur auk starfandi fræðslunefnda.

Hvað gæti áunnist?

Leiða má líkum að því að margt gæti áunnist í sameiginlegri fræðslumiðstöð á vinnumarkaði. Launafólki og atvinnurekendum gæfist langþráð tækifæri til heildarstefnumótunar í atvinnu- og menntun fyrir atvinnulífið. Um leið er tækifæri í öflugri stofnun til að efla og auka þá símenntun sem fyrir er, vinna gegn atvinnuleysi og treysta hagvöxt sem væri byggður á menntun og þekkingu. Ekki er síður mikilvægt að þar með er kominn sameiginlegur vettvangur launafólks og atvinnurekenda gagnvart ríkisvaldi og sveitarstjórnunum til sameiginlegrar stefnumótunar. Þá gefst kostur á að efla allt rannsóknarstarf sem lýtur að menntun í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Einnig er líklegt að samvinna innan stórrar fræðslumiðstöðvar leiði til aukinnar samnýtingar og hagræðingar sem skilað getur miklum árangri fyrir launafólk til lengri tíma.


MFA og Mímir inn í fræðslumiðstöð

Alþýðusambandið leggur áherslu á, að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verði mótuð í

kringum þá almennu fræðslu sem hefur verið byggð upp á vegum MFA og Mímis/Tómstundaskólans. Hér er um algera stefnubreytingu að ræða hjá verkalýðshreyfingunni, þar sem atvinnurekendum er gefinn kostur á aðild að þeirri fullorðinsfræðslu og starfsmenntun sem MFA og ASÍ hafa byggt upp á eigin vegum á undanförunum árum. Alþýðusambandið mun á hinn bóginn halda áfram að reka sérstaka félagslega menntun á sínum vegum, sem ekki tengist samtökum atvinnurekenda.

Fylgist með umræðunni

Þar sem ýmislegt í þeirri vinnu sem framundan er snýst um stefnumörkun í menntamállum til framtíðar, eru félagsmenn Eflingar hvattir til að fylgjast með þessari umræðu og taka þátt í henni. Líklegt er að þær beytingar sem stefnt er að með öllu þessu starfi að frumkvæði ASÍ-félaganna geti orðið til að styrkja allt félagsfólk innan ASÍ til aukinnar menntunar ef tekst að hrinda þessum áformum í framkvæmd. Þetta er þar með mikilvægt tækifæri fyrir okkar fólk innan Eflingar til að fá aukna almenna og starfstengda menntun. Forustumenn Eflingar munu leggja sitt að mörkum til þess að ná árangri í þessu máli.



Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Frá hugmynd að fullunnu verki

Stórárs 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Smelltu á www.efling.is



Linda Ólafsdóttir

Trúnaðarmenn hjá Eflingu

Mikið hefur verið að gerast í fræðslumiðstöð Eflingar á 4. hæð Sætúns 1 að undanfögnu. Starfslokanámskeið, sjálfstyrking og trúnaðarmannanámskeið hafa verið á dagskránni ásamt mörgu öðru. Tvö trúnaðarmannanámskeið hafa verið haldin á síðustu vikum og var að því tilefni rætt við tvo trúnaðarmenn og þeir spurðir um hvernig til hefði tekist.



Jónas Birgir Ársælsson

Margt sem kom á óvart

- segir Linda Ólafsdóttir, Hótel Íslandi

Linda Ólafsdóttir vinnur á Hótel Íslandi og er nýr trúnaðarmaður starfsmanna þar. Hún sagði að vikan sem námskeiðið hefði staðið yfir væri búin að vera alveg frábær og sama væri að segja um kennarana. Svo hefur það ekki heldur skemmt fyrir hvað allir í hópnum hafa verið skemmtilegir og áhugasamir þannig að ég er mjög ánægð með námskeiðið og alla framkvæmd þess, segir hún. Mestur tími hefur farið í að fjalla um kjarasamninginn og almenn réttindamál eins og lífeyrisréttindi og réttindi í veikindum og margt fleira. Svo höfum við líka lært heilmikið í samskiptatækni. Það var margt sem kom mér á óvart á námskeiðinu sem varð kannski til þess að mér þótti það skemmtilegra en annars hefði orðið. En nú hef ég öðlast meiri þekkingu á réttindum félaga minna og ýmsum málum sem varðar þá og er tilbúin að miðla henni og leiðbeina þeim á allan hátt.

Jónas Birgir Ársælsson, Gámapjónustunni

Gaman að hitta vinnufélagana aftur

Jónas Birgir Ársælsson vinnur hjá Gámapjónustunni og hefur verið trúnaðarmaður í rúmt ár. Hann sagði að þetta trúnaðarmannanámskeið væri sitt fyrsta og að tímanum hefði verið vel varið. Ég er búin að læra heilmikið um málefni sem ég hafði enga hugmynd um eins og hvernig á að standa að ráðningu starfsfólks og löglegri uppsögn. Þá var farið í gegnum ýmis réttindi sem varða launamál, fræðslumál, veikindi og lífeyrisréttindi og líka samskipti trúnaðarmanns við vinnuveitanda og samstarfsfólk. Við fengum fullt af verkefnum til að vinna úr og ég lærði heilmikið af því m.a. að leita að upplýsingum sem á örugglega eftir að reynast mér vel. Það verður gaman að hitta vinnufélagana aftur því þá verð ég betur undirbúinn að aðstoða þá ef einhver vandamál koma upp. Það er ekki spurning að ég ætla á trúnaðarmannanámskeið 2 þegar tækifæri gefst því ég er búinn að skemmta mér svo stórkostlega og kynnast alveg frábæru fólki.

Smelltu á www.efling.is

Frítökuréttur í kjarasamningum

Fylgist með réttindum ykkar!!!!



Myndefni er ekki beint tengt hvíldartíma

Efling-stéttarfélag vill vekja sérstaka athygli á meginatriðum hvíldartíma í kjarasamningum þar sem enn eru mörg dæmi um að launagreiðendur hafi ekki sinnt áminningum um að skrá frítökuréttinn til að starfsmenn fá notið réttar síns. Félagsmönnum Eflingar er bent á að þeir eru sjálfir burðarásinn í því að framfylgja þessum ákvæðum og vekja athygli trúnaðarmanna og skrifstofu félagsins á því ef verið er að brjóta á hvíldartímaákvæðum.

Í hvíldartímaákvæðum aðalkjarasamninga er að finna ákvæði sem er þannig: Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 stunda hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar þannig að frítökuréttur, 1 klukkustund (dagvinna) safnist upp fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út _ klst (í dagvinnu) af frítökuréttinum, óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða 8 klukkustunda samfellda hvíld.

Uppsafnaður frítökuréttur skal samkvæmt framangreindu koma fram á launaseðli og er veittur í hálfum og heilum dögum utan annartíma í starfsemi stofnunar/fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda sé uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. 4 klukkustundir. Við starfslok skal ónýtur frítökuréttur starfsmanna gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

Efling-stéttarfélag vill vekja sérstaka athygli á þessum greinum þar sem þó nokkrir launagreiðendur hafa ekki sinnt áminningum varðandi skráningu frítökuréttarins og að starfsmenn fá notið réttar síns.

Námskeið löntæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar

réttindanámskeið fyrir vinnuvélastjóra

Rannsóknarmenn

starfsnám til aðstoðarstarfa á rannsóknastofum

Verkstjórar

námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn

árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningatækni

fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Umsjónarmenn fasteigna

starfsnám fyrir starfandi og verðandi umsjónarmenn

Nánari upplýsingar í sínum **570 7100, 570 7289** og á vefsíðu okkar www.iti.is um þetta og margt fleira

NÁM
SKEIÐ

löntæknistofnun

Námskeið fyrir bygginga- verkamenn á næstunni



Starfstengd námskeið verða í boði fyrir félagsmenn Eflingar sem vinna í byggingariðnaði í samræmi við þjónustusamning sem Starfsaflstarfsmennt Flóabandalagsins og SA gerðu s.l. haust við Menntafélag byggingariðnaðarins-MFB. Námskeiðunum verður dreift á vorönnina. Í mars verður boðið upp á námskeið í jarðmælingum þar sem farið verður í lestur teikninga, jarðvinnuumælinga, eiginleika og notkun lausra jarðefna og að lokum verður verkefni í mælingum á vettvangi. Áætlað er að hafa halda námskeið í steypuvinnu, gæðavitund og öryggismálum, malbikunarframkvæmdum og steinlögnum og hellugerð á næstu mánuðum.

Tímasetning námskeiðanna verður auglýst hjá fyrirtækjum sem hlut eiga að máli, einnig verða námskeiðin auglýst í dagblöðunum. Skráning á námskeiðin fer fram á skrifstofu Menntafélags byggingariðnaðarins í síma: 552-1040, einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Starfsafls og Eflingar www.starfsafl.is eða www.eflingar.is

Félagsmenn Eflingar sem vinna við byggingariðnaðinn eru hvattir til að nýta sér þau námskeið sem í boði verða á næstu mánuðum. Undirbúningur námskeiðahalds fyrir næsta vetur hefst strax á vordögum og er því mikilvægt að nýta þá reynslu sem fæst með þátttöku félagsmanna Flóabandalagsins á námskeiðum næstu mánaða.

Í samningi Starfsafls og MFB var gert ráð fyrir sérstakri verkefnastjórn sem gerir tillögur að námskeiðum fyrir félagsmenn Flóabandalagsins auk þess að stuðla að framgangi starfsnáms fyrir byggingarverkamenn. Með það að leiðarljósi hefur verkefnisstjórnin s.l. ákveðið að stuðla að þarfagreiningu meðal fyrirtækja í byggingariðnaði á Flóasvæðinu. Markmið þarfagreiningarinnar er að finna hvaða þekking og kunnátta er nauðsynleg starfsfólki fyrirtækja sem taka þátt í verkefninu. Draga þarf fram hvaða þekkingu þessi fyrirtæki þurfa sem þau hafa ekki núna, hvernig má endurbæta og auka þá þekkingu sem fyrir er og hvernig árangurrið er að miðla henni til starfsmanna.

Við undirbúning starfsmenntunar er mikilvægt að fylgjast með kröfum atvinnulífsins hvað varðar menntun starfsmanna. Þannig verður stuðlað að markvissri uppbyggingu starfsmanna, fyrirtækjum og starfsfólki til hagsbóta. Einnig stuðlar símenntun að betra starfsumhverfi, aukinni framleiðni og styrkir samkeppnisstöðu þeirra.

**Deloitte
& Touche**

8. mars alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Lífskjörin byggja á háu hlutfalli kvenna í vinnu



Nú í ár stóðu launþegasamtök landsins ásamt Reykjavíkurborg og Jafnréttisstofu að formlegri dagskrá á alþjóðlegum baráttudegi kvenna sem er 8. mars. Eitt af málum sem þar var á dagskrá er samantekt Lilju Mósesdóttur um áhrif atvinnuþátttöku kvenna á landsframleiðslu. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er með því hæsta sem þekkist í Evrópu eða 80,2% meðan meðaltalið í Evrópu er 53,1% en innan OECD er meðaltalið 55,4%.

Ef Ísland er skoðað miðað við sambærilega atvinnuþátttöku og er í OECD ríkjunum þá væru þjóðartekjur hér talsvert lægri og lífkjör sem því næmi lakari. Árið 1999 var landsframleiðsla á mann hér mæld 2.304.780.kr. Ef atvinnuþátttaka kvenna væri 55,4% eins og meðaltalið í OECD þá hefði landsframleiðsla á mann orðið 1.969.551.kr. Hver og einn íbúi á Íslandi hefði þá þurft að setta sig við 14,5% kjaraskerðingu á árinu 1999 eða haft 335.229. kr minna til umráða. Árið 1999 var Ísland í 5 sæti aðildarlanda OECD hvað varðar landsframleiðslu en hefði verið í 14. sæti ef atvinnuþátttaka kvenna væri sambærileg og meðaltalið í OECD. Óvenju hátt hlutfall kvenna í launaðri vinnu hefur gert íslendingum kleyft að skipa sér í röð ríkustu þjóða heims.

Smelltu á www.efling.is



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda.

Bífhjólapróf og almennt ökupróf (B.réttindi).

Einnig kennsla fyrir ensku og taílenskumælandi fólk !

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópþingreið og vörubíðreið með eftirvagn.

Hægt að hefja nám alla miðvikudaga !

Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.

Aukið við atvinnumöguleikana.

Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567-0300

E-mail okusk.mjodd@simnet.is



Sjúkraliðar og ófaglært starfsfólk

Misskilningur um réttarstöðu

Í Fréttablaðinu nú nýlega var viðtal við formann Sjúkraliðafélags Íslands um skort á sjúkraliðum og réttarstöðu þeirra. Þar kom fram meinleg villa sem fréttablað Eflingar vill hér með leiðrétta.

Í nýbirtri reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða segir í 4.gr. ”Ekki er heimilt að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa samkvæmt reglugerð þessari nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum. Hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum á síðustu sex mánuðum er ekki skylt að auglýsa að nýju.”

Túlkun ráðuneytis heilbrigðismála á þessari grein er sú að átt sé við sérhæfða sjúkraliða en Sjúkraliðafélag Íslands túlkar greinina þannig að ekki megi fastráða ófaglærðan starfsmann í

venjuleg umönnunarstörf nema auglýsa eftir almennum sjúkraliða í sex mánuði. Þarna er um mikinn misskilning að ræða.

Við hjá Eflingu-stéttarfélagi vonum að þetta skýri málið fyrir þeim starfsmönnum sem vinna við umönnun.

**Er trúnaðarmaður á
þínum vinnustað?**

Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500

**Félagar!
Fylgist með réttindum ykkar**

Ályktun stjórnar sjúkrasjóðs Eflingar

Sjúkraþjálfun hækkar um nærri 1.700 kr. fyrir hvert skipti

Stjórn Sjúkrasjóðs Eflingar hefur sent frá sér ályktun vegna deilu Félags sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og Tryggingastofnunar ríkisins. Vegna deilunnar tekur TR ekki lengur þátt í kostnaði hjá þessum aðilum og það þýðir að sjúkraþjálfunin hjá þeim hækkar fyrir sjúklinginn úr 1.128 kr. í 2.820 eða um kr. 1.692 fyrir hvert skipti.

Stjórn Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags lýsir þungum áhyggjum vegna þeirrar óvissu sem sjúklingum sem leita þurfa meðferðar hjá sjúkraþjálfum er búin vegna deilu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og Tryggingarstofnunar ríkisins.

Sjúkrasjóður Eflingar-stéttarfélags styrkir árlega hundruð starfandi félagsmenn sem leita þurfa meðferðar hjá sjúkraþjálfurum en ella

væru frá vinnu vegna veikinda. Með því stuðlar sjóðurinn að fyrirbyggjandi aðgerðum sem spara þjóðfélaginu ótalda fjármuni í formi veikindadaga. Þá liggur það fyrir að stærsti hluti langveikra sjúklinga sem njóta aðstoðar Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags eða yfir 40% eru óvinnufærir vegna stoðkerfisvandamála af ýmsum toga og þurfa flestir þeirra að leita aðstoðar sjúkraþjálfara.

Það er álit stjórnar sjóðsins að með því að auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga vegna sjúkraþjálfunar er beinlínis verið að stuðla að því að fjölga veikindadögum þar sem fólk sem stundar erfiðisstörf hefur ekki efni á því lengur að leita sér aðstoðar.

Stjórnar Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags skorar því á Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og Tryggingastofnun ríkisins að ganga nú þegar til samninga og leysa deiluna sín í milli og koma þannig í veg fyrir að sjálfsögð réttindi sjúklinga til meðferðar verði ekki frá þeim tekin þjóðfélaginu öllu til ómælds kostnaðarauka.

Reykjavík, 7. mars 2002

Stjórn Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags

Ef þér er sagt upp störfum – hafðu samband strax!!!

Efling-stéttarfélag vill benda félagsmönnum sínum á að hringja til félagsins ef þeim er sagt upp störfum.

Uppsögn á alltaf að vera skrifleg og dagsett því annars er hætt á að fyrirtæki leiki þann leik að þræta fyrir að uppsögnin hafi átt sér stað.

Þannig geta tapast launakröfur. Starfsmönnum er sagt upp munnlega en geta ekki sannað það að þeir eigi laun inni hjá fyrirtækinu.

Það er mjög áriðandi að starfsmenn hafi alltaf samband við félagið strax og uppsögn hefur átt sér stað.

Íslandsviti Parmiggianis á Sandskeiði.

Mannvirkí

VST er elsta verkfræðistofa landsins og veitir trausta og góða þjónustu. Það er ekkert nýtt fyrir okkur að hanna mannvirkí, en alltaf spennandi.

ARATUGA RÁÐGJÖF
1932 VST 2002 70ÁR

VST
Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.

VST Ármóla 4 • 108 Reykjavík • Sími: 569 5000 • Fax: 569 5010 • vst@vst.is

	MYNDA- TEYTI	KARL SK. ST.	MÁLM KONA RAUF	FRÝSA NÆÐI LUND	NEFND	ÁHALD SAMST.	SVÍP- SÖNN SILKI- BENI						
ANDRA													
KVARDI					4								
FLJÓT KARL													
HÉITUM 'A	+												
HRESSAR INNAN		12				5		KAMA	MÖL- ARJOTA	NEYTIM BINDI AFLOO	KUKK	DEFAR AUMT IDA	Á LIT REID GUD
SKÍMM- UM						ÖGUN ORÖK VITUR							
ATT		ALA DAND FJAD								11			
HÖR- LEG				1		LAGIT ARRUN KADALL					LEIT LIN		
STÖR SALUR								HNIFAR RAUD FANGI				7	
KEGGI			BERDA NEFND- KONA				ÁHALD EINS UM A	10					
*		EDLI SIDAN RYK				8			SKRAN DÖR LEGD				
*	ELFA				VEIK								
DEILUR KVANA ADUR													
*		BIATA LUND- VIDI		2			ORAU FUGL						
KEGGI FERN.					STAFUR	HINDA- BA BEIJAHA		9					MAN- LUNDUR
MÁS ÁATA										KJARK- LAUS EYDA			
BER		6		*									3
ALIBIS JAPL KONA													
*	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	*

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta


Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætin 1 • 105 Reykjavík
Svar þarf að berast fyrir 5. APRÍL nk.

Heppinn bensínafgreiðslumaður



Viktória Jensdóttir, starfsmaður Eflingar afhendir Kristófer Jóhannssyni, bensínafgreiðslumanni hjá ESSÓ við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði vinning fyrir lausn á krossgátu síðasta Fréttablaðs Eflingar.

Lausn síðustu krossgátu



uk n kur tt n

L u fr r, v ru fr r, b fr fr r
Efl n rf l r thu

uk n kur tt n - uk n r tv num ul k r

kusk 1 S.G.

Hluc n m s sýr ef l f n s y en
r s m t n f s r sýtt h b r r
n m s

kusk 1 S.G.

N e m s k h f s f m n y k n f s t

Skr n n r s num 5 1 1 1 , 223 1 2 12

H st tt v r r v slusk lm l v

V s Eur v r slukt l lt 3 m n

th M r st n v f l t k hlut n k stu fyrr sn f l



Framhald af síðu 29

en aðrir starfsmenn leitað læknis eða meðferðar vegna vöðvabólgu og áttu í erfiðleikum með svefn. Tímapressan virðist auk þess koma niður á samskiptum innan viðkomandi öldrunarstofnana því að þessir starfsmenn voru líklegri en aðrir til að segja að lítil samstaða væri á vinnustaðnum og að þeir væru ósáttir við samskiptin við yfirmenn og vinnufélaga.

Sjálfræði

Um helmingur starfsmanna sagðist sjaldan eða aldrei hafður með í ráðum þegar til stæði að gera breytingar á skipulagi vinnunnar eða vinnuumhverfinu. Þetta gildir einkum um ófaglærða starfsmenn. Aðeins um þriðjungur starfsfólks sagði að oftast væri tekið tillit til tillagna sinna um hagræðingu og breytingar sem miða að því að létta störfin og um fjórðungur sagði að það væri aldrei gert. Ófaglærðir starfsmenn í umönnun voru líklegastir til að segja að aldrei væri tekið tillit til tillagna þeirra en oftast var tekið tillit til tillagna hjúkrunarfræðinganna, einkum þeirra sem eru deildarstjórar eða yfirmenn. Tíu prósent deildarstjóra og annarra yfirmanna sögðu þó að aldrei væri tekið tillit til tillagna þeirra um hagræðingu eða breytingar.

Premur af hverjum fjórum starfsmönnum

finnst þeir hafa hæfilega mikil áhrif á það hvernig þeir framkvæma störf sín. Svörin dreifast þó ólíkt á milli starfshópa, ófaglærðu hóparnir segjast síst hafa slík áhrif.

Meirihluti starfsfólks sagðist mjög eða fremur ánægður í starfi. Ræstitæknar voru síst ánægðir en eldra starfsfólk var almennt ánægðara en það yngra. Þeir, sem voru óánægðir í starfi, voru líklegastir til að hafa orðið fyrir óþægindum af völdum innilofts, hávaða, lýsingar og þrengslum á vinnustaðnum. Óánægðir starfsmenn voru einnig líklegri en aðrir starfsmenn til að hafa á síðastliðnum 12 mánuðum fundið til verkja í mjóbaki og í hálsi og hnakka.

**Kristinn Tómasson, yfirlæknir
Vinnueftirlits Ríkisins**



Margrét Davíðsdóttir

Nýr starfsmaður hjá Eflingu

Margrét Davíðsdóttir velkomin til starfa

Margrét Davíðsdóttir hefur verið ráðin til starfa í eldhúsi á skrifstofu Eflingar. Margrét var áður starfsmaður hjá Samvinnuferðum Landsýn um nokkurra ára skeið en hún hefur einnig unnið í eldhúsi hjá Leikskólum Reykjavíkur. Margrét er boðin velkomin til starfa, en félagsmenn Eflingar og trúnaðarmenn sem hafa verið á námskeiðum hjá Eflingu að undanfögnu hafa þegar notið góðra starfskrafta hennar.

Smelltu á www.efling.is



thlutun sum rh s t l r r u- l l f y r s

Margrét Davíðsdóttir er starfsmaður hjá Eflingu og hefur verið ráðin til starfa í eldhúsi á skrifstofu Eflingar. Margrét var áður starfsmaður hjá Samvinnuferðum Landsýn um nokkurra ára skeið en hún hefur einnig unnið í eldhúsi hjá Leikskólum Reykjavíkur. Margrét er boðin velkomin til starfa, en félagsmenn Eflingar og trúnaðarmenn sem hafa verið á námskeiðum hjá Eflingu að undanfögnu hafa þegar notið góðra starfskrafta hennar.

Umskipti
Húsið er opið fyrir öllum og er til staðar skrifstofa Eflingar. Stærð 1,15 í kvikmyndun. Efling er ekki trúnaðarmannafélag.

Umskipti
Húsið er opið fyrir öllum og er til staðar skrifstofa Eflingar. Stærð 1,15 í kvikmyndun. Efling er ekki trúnaðarmannafélag.

Umskipti
Húsið er opið fyrir öllum og er til staðar skrifstofa Eflingar. Stærð 1,15 í kvikmyndun. Efling er ekki trúnaðarmannafélag.

